

Lögfræðisvið

Þróun laga um fullnustu refsinga til betrunar fanga

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Guðrún Olga Árnadóttir

Leiðbeinandi: Guðrún Sesselja Arnadóttir

Vorönn – 2017



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting lokaverkefnis
til B.S. – gráðu í viðskjalögfræði

Lokaverkefnið:

Þróun laga um fullnustu refsinga til betrunar fanga

Höfundur: Guðrún Olga Árnadóttir

Lokaverkefnið hefur verið metið samkvæmt

kröfum og reglum Háskólans á Bifröst

og hlotið lokaeinkunnina: _____

Sviðsstjóri lögfræðisviðs

Leiðbeinandi

Lögfræðisvið

Þróun laga um fullnustu refsinga til betrunar fanga

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Guðrún Olga Árnadóttir

Leiðbeinandi: Guðrún Sesselja Arnadóttir

Vorönn – 2017



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Útdráttur

Í ritgerð þessari er þróun laga um fullnustu refsinga rakin allt frá ákvæðum Jónsbókar þar sem auga fyrir auga, tönn fyrir tönn aðferðin var ríkjandi, til dagsins í dag, þar sem notast er við mannúðlegri refsiaðferðir. Mikil vitundarvakning hefur verið í samfélaginu um hversu mikilvægt það er fyrir samfélagið allt, að betrunarstefnan sé höfð að leiðarljósi í fangelsismálum. Hugmyndin að baki því að *betra* menn, er að koma þeim aftur út í samfélagið sem betri og bættari einstaklingum eftir að þeir hafa afplánað dóm.

Í 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 15/2016um fullnustu refsinga er hugtakið betrun skilgreint svo: „*Það sem miðar að því að gera fanga kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi*“.



Formáli

Ritgerð þessi er unnin á vorönn 2017 og er 12 ECTS lokaverkefni til Bs gráðu í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Viðfangsefnið er *þróun laga um fullnustu refsinga til betrunar fanga*. Leiðbeinandi minn við þetta verkefni er Guðrún Sesselja Arnardóttir og vil ég þakka henni fyrir góðar ábendingar og leiðsögn. Þá vil ég þakka Hrafnhildi Árnadóttur og Helenu Dögg Haraldsdóttur fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar við vinnu þessa verkefnis. Einnig vil ég þakka eiginmanni mínum og börnum fyrir þolinmæðina á meðan á þessari vinnu stóð.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	9
2.	Skilgreining hugtaka	11
2.1	Refsiréttur.....	11
2.2	Afbrot.....	11
2.3	Refsing.....	11
2.4	Betrun.....	12
2.5	Fangelsi.....	12
3.	Réttlæting refsinga	14
3.1	Leikslökakeningar.....	14
3.1.1	<i>Nytjastefnan</i>	14
3.1.2	<i>Takmörkuð nytjastefna</i>	14
3.1.3	<i>Betrunarkenningin</i>	15
3.1.4	<i>Bótakenningin</i>	15
3.2.	Endurgjaldskeningar.....	15
3.2.1	<i>Makleg málagjöld</i>	15
3.2.2	<i>Sanngirniskeningin</i>	16
3.2.3	<i>Virðingarkenningin</i>	16
3.2.4	<i>Aga- eða uppeldisstefnan</i>	16
4.	Söguleg þróun refsinga	17
4.1	Jónsbók.....	17
4.2	Stóridómur.....	18
4.3	Fullnusta refsinga fyrr á öldum.....	18
4.4	Betrunarhús.....	19
5.	Upphaf fangelsisvistunar á Íslandi	21
5.1	Betrunarhúsið á Arnarhóli.....	21
5.2	Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.....	23

6.	Fangelsi ríkisins	25
6.1	Hlutverk og markmið Fangelsismálastofnunar ríkisins.....	25
6.2	Fangelsið Litla-Hrauni.....	26
6.3	Fangelsið Kvíabryggju.....	27
6.4	Fangelsið Akureyri.....	28
6.5	Fangelsið Sogni.....	28
6.6	Fangelsið Hólmsheiði.....	29
7.	Önnur fullnustuúrræði	31
7.1	Áfangaheimilið Vernd.....	31
7.2	Rafrænt eftirlit.....	32
7.3	Samfélagsþjónusta í stað fangelsisrefsingar.....	33
8.	Lög um fullnustu refsinga og betrun	35
8.1	Lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1961.....	35
8.2	Lög um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973.....	37
8.3	Lög um fangelsi og fangavist nr. 48/1988.....	38
8.4	Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.....	41
8.5	Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016.....	46
9.	Betrunarstefna í Noregi	51
10.	Samantekt	53
11.	Lokaorð	56
12.	Heimildaskrá	59

1. Inngangur


Aðstæður fanga koma reglulega upp í umræðu samfélagsins og skoðanir fólks æði misjafnar. Mikil vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu og hugmyndin um að betra fanga í stað þess að refsa þeim eru að verða æ meira ríkjandi í vestrænum samfélögum. Hugmyndin að baki því að betra fanga er að hann komi sem betri þegn út í samfélagið eftir afplánun. Í því felst að veita þarf viðeigandi meðferð á meðan á afplánun stendur, s.s. með aðgengi að sérfræðingum, atvinnu og/eða námi við hæfi og tímstundum.

Þrátt fyrir að áhersla á betrun fanga sé að verða æ meira ríkjandi þá eru margir þeirrar skoðunar að fangelsisvist eigi fyrst og fremst að vera refsing, nokkurskonar hefnd samfélagsins fyrir það lögbrot sem brotamaður ber ábyrgð á. Ef marka má umræður á samfélagsmiðlum má oft á tíðum ætla að samfélag okkar sé heldur refsiglatt, þar sem dómstóll götunnar kallar á makleg málagjöld til handa brotamönnum og gagnrýni á að fangelsi landsins minni meira á hótél, þar sem aðstaðan þykir of góð fyrir refsifanga.

Óhætt er að segja að refsikerfið hafi þróast í átt til meiri vægðar gegn brotamönnum í gegn um aldirnar, allt frá ákvæðum úr Mannhelgisbálki Jónsbókar þar sem auga fyrir auga, tönn fyrir tönn aðferðin var ríkjandi til fjölbreyttari úrræða nútímans, hvort sem það er í lokuðu fangelsi eða með opnari úrræðum, s.s. rafræns eftirlits, samfélagsþjónustu og fleira.

En hvers vegna viljum við refsia og hverju viljum við ná fram með því að refsia þeim sem brotið hafa lög?

Ritgerð þessari er skipt upp í 9 meginkafla ásamt undirköflum, samantekt og lokaorðum. Í fyrsta lagi eru nokkur lykilhugtök skilgreind og fjallað um þær kenningar sem réttlæta refsingar. Þá er þróun fullnustu refsinga rakin frá því að lögbókin Jónsbók var lögtekin árið 1281 fram að 18. öld þegar hin svokölluðu betrunarhús urðu til í nágrennalöndum okkar. Í 5. kafla ritgerðarinnar er fjallað um upphaf fangelsisvistar á Íslandi. Fjallað er um hlutverk og markmið Fangelsismálastofnunar í 6. kafla, og fangelsi ríkisins og reglur sem þar gilda. Því næst er öðrum fullnustuúrræðum en fangelsisvist gerð skil í 7. kafla. Þá er farið yfir



hvernig lög um fullnustu refsinga hafa þróast í gegnum tíðina og leitast við að sjá hver vilji löggjafans hefur verið til betrunarstefnunnar með því að skoða greinargerðir með frumvörpum þeim sem urðu að lögum, ásamt nefndarálitum. Þá er stuttlega fjallað um hvernig innleiðing betrunarstefnunnar í Noregi hefur gefist ásamt samanburði á endurkomutíðni fanga á Norðurlöndum.

2. Skilgreining hugtaka

Nokkur megin hugtök ritgerðarinnar, s.s. refsiréttur, afbrot, refsing, betrun og fangelsi verða skilgreind í þessum kafla, til þess að lesandi fái betri hugmynd um viðfangsefni hennar.

2.1 Refsiréttur

Refsiréttur hefur tvíþætta merkingu í íslensku. Í fyrsta lagi er refsiréttur heiti á *fræðigreini lögfræðinnar* sem fæst við að lýsa réttarreglum um afbrot, skilyrðum refsíabyrgðar og viðurlögum við afbrotum. Í öðru lagi merkir hugtakið *refsilög*, þ.e. almennt þær réttarreglur er varða refsiverða háttsemi og viðurlög við henni. *Refsiréttur* er í raun ekki nægilega lýsandi heiti á fræðigreininni, þar sem að auk refsinga má leggja ýmis önnur viðurlög við afbrotum. Önnur viðurlög eru annaðhvort ákvörðuð jafnhliða refsingu eða í stað refsingar. Æska eða andlegir annmarkar brotamanns geta til að mynda staðið í vegi fyrir því að refsingu sé beitt.¹

2.2 Afbrot

Í riti sínu *Afbrot og refsíabyrgð I* skilgreinir Jónatan Þórmundsson afbrot sem hverja þá háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem refsing liggur við samkvæmt þeim refsheimildum, sem gildandi eru taldar á hverjum tíma.²

2.3 Refsing

Hvorki í lögskýringargögnum né í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er að finna skilgreiningu á hugtakinu refsing. Í Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins nr. 33/1944 er hins vegar fjallað um atriði tengd refsingum og grundvallarmannréttindum, nánar til tekið í 67.-70. gr. Þar með gerir stjórnarskráin ráð fyrir refsingum, en setur um leið ýmsar takmarkanir á beitingu þeirra. Til að mynda segir í 1. mgr. 67. gr. að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum og í 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar segir að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma sem hún átti sér stað. Það er svo löggjafans að ákveða í settum lögum, hvaða háttsemi skuli liggja refsing við eða önnur viðurlög.

¹ Jónatan Þórmundsson (2008). *Afbrot og refsíabyrgð I*. Bls. 13-14

² Jónatan Þórmundsson (2008). *Afbrot og refsíabyrgð I*. Bls. 13-14

Pá er að finna almenn ákvæði um refsingar í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, til dæmis um refsilögsögu, tegundir refsinga og ákvörðun refsinga, en einnig hafa þau að geyma ákvæði um viðurlög við flestum þeim brotum sem talin eru alvarlegust í þjóðfélaginu.

Í bók sinni *Viðurlög við afbrotum* skilgreinir Jónatan Þórmundsson prófessor hugtakið refsingu svo: „*Refsing er ein tegund viðurlaga sem ríkisvaldið beitir þann sem sekur hefur gerst um refsivert brot. Refsingin felur í sér vanþóknun eða fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda dómþola þjáningu eða óþægindum*“. Því alvarlegri og skaðlegri sem verknaður er, því sterkari eru viðbrögð samfélagsins.³ Einnig má bregðast við óæskilegri og ólögmatrí háttsemi með annarskonar hætti, þ.e. bótavörslu (skaðabætur) eða varnarvörslu (lögban, neyðarvörn).⁴

2.4 Betrun

Í 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga⁵ er hugtakið betrun skilgreint svo: „*Það sem miðar að því að gera fanga kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi*“.

Guðmundur Ingi Þóroddsson formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi, útskýrir betrun á þann hátt að betrun snúist um að byggja upp einstaklinginn og gera hann færna um að takast á við lífið og verða hagnýtur samfélagsþegn. Í því felst að fangavistin verður að hafa ákveðna merkingu og fangar verða að koma með eitthvað í farteskinu út í samfélagið að nýju. Að afplánun lokinni er mikilvægt að eftirfylgni og stuðningur taki við, svo einstaklingurinn geti sem best aðlagast samfélaginu. Mikilvægt er að aðgengi að atvinnu og/eða námi og húsnæði fyrir einstaklinginn sé tryggt.⁶

2.5 Fangelsi


Fangelsi er stofnun þar sem vistaðir eru þeir sem afplána refsingar eða sæta gæsluvarðhaldi. Fangelsi skiptast annars vegar í opin fangelsi og hins vegar í lokuð

³ Jónatan Þórmundsson (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Bls. 62-63

⁴ Jónatan Þórmundsson (2008). *Afbrot og refsirábyrgð I*. Bls. 16

⁵ Hér eftir kölluð fullnustulög.

⁶ Guðmundur Ingi Þóroddson (2016) Hvað er betrun?. *Verndarblaðið*. 44. árgangur. Bls. 29



fangelsi með misháu öryggisstigi, sbr. 7. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

Fangelsi ríkisins eru sjálfstæðar stofnanir og stjórnsýslueiningar og hefur Fangelsismálastofnun umsjón með rekstri þeirra, sbr. 2. mgr. 5. gr. fullnustulaga. Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi, sbr. 17. gr. fullnustulaga. Samkvæmt 21. gr. fullnustulaga ákveður Fangelsismálastofnun í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Fangi sem er yngri en 18 ára skal vistaður á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda, nema sérstakar ástæður séu til að vista þá í fangelsi, sbr. 6. mgr. 21. gr. og 44. gr. fullnustulaga.

3. Réttlæting refsinga

Ríkisvaldið beitir þá refsingum sem brotið hafa lög. Refsivist getur verið bæði þungbær fyrir dómpóla og dýr fyrir samfélagið. Hana þarf því að réttlæta með rökum. Í gegnum aldirnar hefur það sýnt sig að hvarvetna í heiminum hefur verið talið réttlætanlegt að bregðast við óæskilegri hegðun með refsingum.⁷ Ýmsar kenningar hafa gengið um réttlætingu refsingar, og verður hér tæpt á þeim sem helst er haldið fram. Um er að ræða tvo flokka kenninga, „leikslökakennningar“ og „endurgjaldskenningar“, eftir því hvort litið er til ætlaðra áhrifa refsingarinnar eða brotsins sem framið var.⁸

3.1 Leikslökakenningar

Leikslökakenningar bera merki nytjastefnunnar, sem áréttar að rétt sé að gera það sem vænlegast er fyrir flesta þegar til lengri tíma er litið. Hagkvæmni fyrir þjóðfélagið er því bæði nauðsynlegt og nægilegt skilyrði til að refsing sé réttlætanleg og hún telst hæfilega þung þegar því markmiði er náð að hún valdi öllum þeim sem hún hefur áhrif á sem mestum gæðum og um leið sem minnstum skaða.⁹

3.1.1 Nytjastefnan

Nytjastefnan hefur það almennt að leiðarljósi að framferði hafi sem mest hagnýtt gildi fyrir almannaheill. Í því felst að ef langtíma almenn velferð eykst við að beita refsingunni þá er það næg ástæða til að réttlæta hana. Ríkið verði því að refsanna manni eingöngu ef það skapar meiri ánægju en óánægju til lengri tíma að refsanna honum heldur en að refsanna honum ekki.¹⁰

3.1.2 Takmörkuð nytjastefna

Takmörkuð nytjastefna tilgreinir sömu ástæður og hrein nytjastefna um réttlætingu refsinga ríkisins. Samkvæmt takmarkaðri nytjastefnu verður ríkið eingöngu að refsanna manni ef það skapar meiri hamingju til langs tíma að refsanna honum og að refsingin

⁷ Jónatan Þórmundsson (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Bls. 65.

⁸ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlæting Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 354

⁹ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlæting Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 354

¹⁰ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlæting Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 355

muni ekki svipta hann réttindum sem hann hefur ekki fyrirgert og bann er við því að refsa honum fyrir það sem hann hefur ekki unnið til.¹¹

3.1.3 Betrunarkenningin

Það sem réttlætir refsingar samkvæmt betrunarkenningunni byggir á því að með því að refsa fyrir afbrot læri brotamaðurinn (og væntanlegir brotamenn) að siðferðilega sé rangt að brjóta af sér. Markmiðið með refsingunni er að koma í veg fyrir afbrot og leiðin til að ná því markmiði er að endurhæfa brotamenn og gera þá að betri mönnum og kenna þeim sem brjóta af sér að það sé rangt.¹²

Betrunarkenningin hefur sætt ákveðinni gagnrýni. Fyrst og fremst hefur verið á það bent að fangelsisrefsing sé ekki vel til þess fallin að endurhæfa brotamenn, og jafnframt bent á að samfélagsþjónusta passi betur því markmiði.¹³

3.1.4 Bótakenningin

Svo réttlæta megi refsingu ríkisins, er eina ástæðan sú að refsingin sé leið til að láta brotamenn borga til baka þeim aðilum sem þeir hafa gerst brotlegir gegn. Ríkið verði að refsa manni ef fullvissa er fengin fyrir því að hann hafi með sagnæmum hætti brotið gegn réttlátu lagaákvæði og það að refsa honum (eða einhverjum öðrum sem vill taka á sig refsingu hans) mun stuðla að því að byggja upp þá öryggistilfinningu á ný, sem borgararnir höfðu áður en brotið var gegn þeim.¹⁴

3.2 Endurgjaldskenningar

Endurgjaldskenningar leggja áherslu á að brotaþoli fái makleg málagjöld með einhverjum hætti. Þá er helst litið til afbrotsins sem framið var. Sök sakamannsins er því bæði nauðsynlegt og nægilegt skilyrði til að réttlæta refsingu og hún telst hæfilega þung þegar hún svarar til sakar brotamannsins, beint eða hlutfallslega.¹⁵

3.2.1 Makleg málagjöld

Samkvæmt kenningunni um makleg málagjöld, þá á fólk skilið að þjást í hlutfalli við saknæma háttsemi þess, og er það eina ástæðan sem þarf til að réttlæta refsingu

¹¹ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 356

¹² Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 357

¹³ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 357

¹⁴ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 355

¹⁵ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 354

ríkisins. Ef fullvissa næst með réttmætum hætti fyrir því að brotamaður eigi skilið að þjáast vegna lögbrots sem hann ber ábyrgð á verður ríkið að refsa honum.¹⁶

3.2.2 Sanngirniskeningin

Sú ástæða sem er nægileg til að réttlæta refsingu ríkisins samkvæmt sanngirniskeningunni er, að refsingin muni stuðla að endurreisn réttmæts jafnvægis milli byrða og gæða. Ef fullvissa næst með réttmætum hætti fyrir því að brotamaður hafi með saknæmum hætti brotið gegn réttmætu lagaákvæði og hafi með því sýnt löghlýðnum samborgurum sínum ósanngirni, verður ríkið að refsa honum.¹⁷

3.2.3 Virðingarkenningin

Samkvæmt virðingarkenningunni þykir það nægileg ástæða til að réttlæta refsingu ríkisvaldsins, að ef ekki væri refsað, sýndi ríkið þegnum sínum misrétti að því leyti að það færi ekki með þá sem jafn verðmæta skynsama einstaklinga. Ríkið verður að refsa manni ef það er besta leiðin fyrir þjóðfélagið til að fordæma virðingarlausu framkomu brotamanna, fara með brotamenn sem skynsama aðila eða til að sýna brotaþolum virðingu.¹⁸

3.2.4 Aga- eða uppeldisstefnan

Samkvæmt aga- eða uppeldisstefnunni er eina ástæðan, sem er nægileg til að réttlæta refsingu ríkisins sú, að siðferðislega ranga breytni verði að fordæma af þjóðfélaginu. Ef refsing er besta leiðin fyrir þjóðfélagið til að meðhöndla brotamenn eins og ábyrga aðila eða til að lýsa andúð á siðferðislega rangri breytni brotamanns, þá verður ríkið að refsa honum.¹⁹

¹⁶ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 359

¹⁷ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 359

¹⁸ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 359

¹⁹ Krístrún Kristinsdóttir (1998) Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfr.* 48. Árg. (4. tbl.) Bls. 359

4. Söguleg þróun refsinga

Afbrot er afstætt hugtak, breytilegt eftir stað og tíma. Það sem áður taldist refsivert og þung viðurlög lágu við, er nú refsilaust. Nefna má skirlífisbrot, hór og hneykslanlega sambúð. Svo getur ýmislegt verið refsivert nú sem var það kannski ekki áður, til að mynda brot gagnvart börnum og öðrum, sem vanmáttugir eru sökum æsku eða andlegs ástands. Þrátt fyrir að refsilöggjöfin breytist með tíð og tíma, þá hafa mörg afbrot fylgt samfélaginu frá örófi alda og þeim fylgt einhverskonar refsiviðurlög, svo sem manndráp, rán og þjófnaður. Það ber þá að hafa í huga að þess konar brot brjóta einnig gegn trúar- og siðferðisreglum.²⁰

Í þessum kafla verður saga refsinga rakin frá því að lögbókin Jónsbók var samin og þar til betrunarhúsin svokölluðu á Norðurlöndunum komu til sögunnar. Með lögum Jónsbókar voru refsíákvæðin þyngd frá því sem áður var.

4.1 Jónsbók

Þegar lögbókin sem kallast Jónsbók var samin, var Grágás (sem geymdi hin fornu íslensku lög) notuð sem heimild að miklu leyti.²¹ Árið 1281 var mestur hluti lögbókarinnar lögtekinn, féll þá eldri veraldleg löggjöf úr gildi en kirkjulögin héldu gildi sínu, sem og refsíákvæði þeirra.²² Hvað refsíákvæðin varðar voru lagðar til annars konar og þyngri refsingar í Jónsbók en var samkvæmt eldri rétti. Helstu nýmæli laganna voru á þá leið að dauðarefsing var tekin upp og auk þess hýðing og brennimerking við sumum brotum.²³

Hin eiginlegu refsilög Jónsbókar voru í Mannhelgisbálki og Þjófabálki. Í Mannhelgisbálki voru einkum ákvæði um brot er beindust að líkama manna og lífi, heiðri og æru. Í Þjófabálki voru ákvæði um þjófnað og fleiri auðgunarbrot. Ráða má af ýmsum ákvæðum Jónsbókar, beint eða óbeint, að markmið refsinga hafi einkum verið tvennskonar: 1) að koma í veg fyrir brot og 2) að veita brotþola eða ætt hans uppreist. Var þetta gert með því að skapa brotamönnum og öðrum ótta við refsingu og, þegar miklar sakir voru, jafnvel útrýma brotamanni að fullu úr þjóðfélaginu. Taldi

²⁰ Jónatan Þórmundsson (2008). *Afbrot og refsíabyrgð I*. Bls. 13-14

²¹ Páll Sigurðsson (1992). *Svipmyndir úr réttarsögu*. Bls. 19

²² Þórður Eyjólfsson (1940) Refsiréttur Jónsbókar. Bls 166

²³ Páll Sigurðsson (1992). *Svipmyndir úr réttarsögu*. Bls. 25

löggjafinn að fyrrnefnda markmiðinu væri náð. Lögin veittu þeim er misgert var við, uppreist með tvennum hætti. Annars vegar var talið að opinber refsing drægi úr eða fullnægði hefndarþorsta brotabola. Hins vegar var um sektargreiðslu að ræða, auk bóta til handa þeim sem orðið hafði fyrir fjártjóni eða til erfingja hans.²⁴

Í Jónsbók gætti einnig á nokkrum stöðum frumstæðari hugmynda en greinir hér að framan. Í Mannhelgisbálki komu fyrir ákvæði er eiga ýmislegt skylt við hina fullkomnu endurgjaldsrefsingu miðalda (auga fyrir auga, tönn fyrir tönn). Þar segir að refsing skuli koma niður á þeim líkamshluta brotamanns, sem hann framdi afbrotið með. Sá sem stungið hefur mann með hnífi, skal stunginn með sama hnífi gegnum hönd sína og brjóta skal framtennur úr þeim manni sem sekur hefur gerst um mannbit.²⁵

Á sumum sviðum gætti hins vegar félagslegra viðhorfa meira en áður hafði verið. Þar var til að mynda í ýmsum tilvikum tekið aukið tillit til haga brotamanns og réttur leiguliða var að ýmsu leyti styrktur. Megingildistími Jónsbókar stóð fram á 18. öld, en þá lauk hinu svonefnda „Jónsbókartímabili“ í íslenskri réttarsögu.²⁶

4.2 Stóridómur

Þegar lútherskur rétttrúnaður ruddi sér til rúms á 16. öld var fólki hótað eilífri vist í helvíti, breytti það ekki rétt.²⁷ Sumarið 1564 var gerð samþykkt á Alþingi um siðferði og kallaðist sú samþykkt Stóridómur.²⁸ Með Stóradómi átti að taka á hvers kyns lauslæti í samfélaginu. Refsingar fyrir þess konar brot færðust frá kirkjunni yfir til ríkisvaldsins, þar sem enginn kostur var á fyrirgefningu.²⁹ Karlar skyldu höggðir á háls en konum skyldi drekkt. Af varðveittum gögnum að dæma voru 25 karlar og 25 konur dæmd samkvæmt þessu ákvæði og voru tekin af lífi, síðast árið 1762. Lög þessi voru í gildi að hluta til fram á 19. öld.³⁰

4.3 Fullnusta refsinga fyrr á öldum

²⁴ Þórður Eyjólfsson (1940) *Refsiréttur Jónsbókar*. Bls 166-168

²⁵ Þórður Eyjólfsson (1940) *Refsiréttur Jónsbókar*. Bls 167-168

²⁶ Páll Sigurðsson (1992). *Svipmyndir úr réttarsögu*. Bls. 25

²⁷ Gunnar Karlsson, Brynja Dís Valsdóttir og fl. (2004). *Fornir tímar- Spor mannsins*. Bls. 177

²⁸ Már Jónsson „Hvað er Stóridómur?“ *Vísindavefurinn*, 23 ágúst 2004. Sótt 30.mars 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4476>

²⁹ Gunnar Karlsson, Brynja Dís Valsdóttir og fl. (2004). *Fornir tímar- Spor mannsins*. Bls. 177

³⁰ Már Jónsson „Hvað er Stóridómur?“ *Vísindavefurinn*, 23 ágúst 2004. Sótt 30.mars 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4476>

Fram eftir öldum var því þannig farið á Íslandi að ekki var þörf á fangelsishúsi eftir að dómur var fallinn um mál þess sem hafður var fyrir sök. Á meðan mál sakbornings var rannsakað og þar til dómur gekk um málið var hann sviptur frelsi og geymdur á öruggum stað. Eftir að dómur féll var hins vegar tvennt í stöðunni, annað hvort að dómþoli væri tekinn af lífi eða látinn laus, að undangenginni líkamlegri refsingu. Ef sakborningur hafði verið fangaður var hann fluttur á héraðsþing eða Alþingi og dómnum fullnægt á honum persónulega þegar í stað. Þær refsingar sem um ræddi samkvæmt lögum, voru: dauðarefsing, missir æru, eigna og embættis, sektir, útlegd úr landi, landsfjórðungi eða héraði, líkamsrefsingar, m.a. brennimerkingar, og svo gapastokksrefsingin. Allt fram yfir sautjándu öld var ekki gert ráð fyrir hinum eiginlegu fangelsisrefsingum. Fangelsi, þar sem dómum skyldi fullnægt voru því óþörf og ekki til hér á landi.³¹ Þegar svo fór að sakamenn voru dæmdir til hegningarvinnu hér á landi, var því aðeins einn kostur, að senda þá úr landi til Danmerkur til að taka út refsingu sína.³²

4.4 Betrunarhús

Um miðbik átjándu aldar voru til einstaka vinnustofnanir í Noregi og Danmörku með það að markmiði að nýta allan vinnukraft heilbrigðra manna, sem gátu unnið en gerðu það ekki. Á slíkar vinnustofnanir voru settir vinnufærir umrenningar, betlarar, óhlýðin og þrjósk vinnuhjú, lauslútt kvenfólk og fleira fólk af slíku tagi. Til dæmis ef hjón áttu í stöðugum illdeilum eða hegðuðu sér ósæmilega, gripu yfirvöld inn í, og ef sakir þóttu nægar eftir vottorði sóknarprests, var þeim komið fyrir á slíkri stofnun. Sjaldnast gengu dómur um slík mál.³³


Stofnanir þessar lutu allar að sama markmiði, þær voru ekki ætlaðar sem hegningarhús, heldur sem betrunarhús sem lutu stjórn fátæktar- og uppeldismála. Veigamikill þáttur starfseminnar var barnaupveldi og barnafræðsla. Þetta voru þó engin fyrirmyndar barnaheimili, þar sem einungis börn sem höfðu verið á vergangi var komið þar fyrir og kennsla þar takmarkaðist við kristinfræði og fátt annað.³⁴

³¹ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 1

³² Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls. 3

³³ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 7-8

³⁴ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 9



Þegar leið á 18. öldina tóku betrunarhúsin í Noregi og Danmörku nokkrum stakkaskiptum, ekki um aðbúnað, heldur lágu breytingarnar í því fólki sem var komið fyrir í betrunarhúsunum. Stöðugt var verið að breyta refsilöggjöfinni og snéru breytingarnar að því að fangelsisrefsingar voru lagðar við afbrotum, sem áður höfðu varðað líkamsrefsingum eða sektum. Nú voru þeir sem dæmdir voru fyrir afbrot, sem vægari refsing lá við en þrælkun í hegningarhúsum, látnir sæta fangelsisrefsingu í betrunarhúsunum. Afleiðingin af þessu varð sú að þarna ægði öllu saman, körlum og konum á öllum aldri. Afbrotamenn á meðal saklausra barna og fátæklinga. Björn Þórðarson segir í riti sínu *Refsivist á Íslandi 1761-1925* að hann telji að íslenskir forystumenn hafi þekkt þessar stofnanir í Noregi og Danmörku og litist svo á að þetta væru þjóðþrifastofnanir sem vel mættu gera gagn hér á landi einnig.³⁵

³⁵ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 10-11

5. Upphaf fangelsisvistunar á Íslandi

Í þessum kafla verður aðdragandi að byggingu betrunarhússins á Arnarhóli og Hegningarhússins við Skólavörðustíg rakin. Segja má að Hegningarhúsið sé fyrsta fangelsisbyggingin á Íslandi, þar sem betrunarhúsinu á Arnarhóli var ekki ætlað að vera hegningarhús, þó svo að sú hafi reyndar orðið raunin.

5.1 Betrunarhúsið á Arnarhóli

Þegar refsilöggjöfinni var breytt með tilskipun árið 1751, er lagði refsivist við fleiri afbrotum en áður, varð það til þess að mikil fjölgun varð á Íslendingum sem voru dæmdir til fangelsisvistar í Kaupmannahöfn. Kom það til af því að á árunum 1750 – 1760 var hér á landi hið megnasta hallæri er hafði í för með sér mikið hungur og vesöld er dró fólk til dauða. Flakkara- og þjófnaðaröldin komst í hárnæli. Fólk stal því sem það komst yfir til að svala hungri sínu og forðast dauða, en þrátt fyrir það féll fólk svo hundruðum skipti árlega, úr hungri og vosbúð.³⁶

Það hafði tíðkast áður að kaupmenn flyttu fanga til Kaupmannahafnar án endurgjalds, en nú tóku kaupmenn að heimta gjald af sýslumönnum fyrir flutningana. Það voru sýslumenn ekki sáttir við og einnig þótti þeim óhóflega dýrt að halda sakamönnum uppi þar til hægt væri að senda þá með skipi til Danmerkur. Þeir gripu til þess ráðs að senda beiðni til stjórnarinnar og báðu um að allir margdæmdir þjófar yrðu dæmdir til dauða og hengdir.³⁷

Björn Þórðarson segir í doktorsritgerð sinni *Refsivist á Íslandi 1761 – 1925* að fátt lýsi ef til vill betur skelfingu og neyð þjóðarinnar en einmitt þetta lagafrumvarp sýslumannanna, þar sem þeir hafi haft eigin hagsmuna að gæta og reyndu að varna því að þeir yrðu etnir út á gaddinn af þessum þjófnaðarlýð. Því skemmri sem varðhaldsvist hvers sakamanns var, því lægri var kostnaður sýslumanna. Takmark þeirra var því að hraða rannsókn þjófnaðarmála, kveða upp dóm og fullnusta dóminn þegar í stað.³⁸

³⁶ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 17-18

³⁷ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 18-20

³⁸ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 21

Á þessum tíma voru stjórnarmenn í Danmmörku í æ meira mæli undir áhrifum upplýsingar (e. enlightenment) sem var tímabil nýrra viðhorfa. Frumvarpi sýslumanna var því hafnað með þeim rökum að flestir þjófnaðir Íslendinga væru framdir af neyð og verðskulduðu því ekki refsingu. Í framhaldinu var komið á fót betrunarhúsi við Arnarhól í Reykjavík og var það tilbúið til notkunar um 1770.³⁹ Hugmyndin var upphaflega sú að þangað yrði fólk sett sem með hátterni sínu var byrði á hinum vinnandi í landinu og braut í bága við lög, án þess að vinna nein sérstök óhæfuverk. Þarna átti fólk að fara er gerðist sekt um smávægileg brot, eins og lausamennsu, förumennsku og flakk, og átti það þannig að verða liður í fátækrastrjórn landsins. Það var ekki ætlun þeirra er að málinu stóðu að reisa hér hegningarhús fyrir stórþjófa og glæpamenn, sem annað hvort voru dæmdir til þrælkunar ævilangt eða náðaðir frá dauða með ævilangri hegningarhússvinnu.⁴⁰

Danska stjórnin hafði hins vegar þá hugmynd að betrunarhúsið yrði jafnframt hegningarhús fyrir stórglæpamenn og sú varð raunin þrátt fyrir andstöðu landsmanna. Engar fastar reglur voru til um störf stofnunarinnar, fyrr en henni var sett stofnskrá 1784. Stofnunin hér á landi var talin standa betur að vígi hvað húsnæðið varðaði og einnig var meðferð fanganna mun mannúðlegri hér en þekktist víða annarsstaðar. Ólafur Stefánsson Stephensen stiftamtmaður stjórnaði stofnuninni á árunum 1790 – 1803 og má segja að hann hafi verið langt á undan sinni samtíð hvað varðar stjórnarhætti hans í betrunarhúsinu, sem voru gjörólíkir þeim er þekktust víða annarsstaðar. Hann vildi haga fangavistinni á þann hátt að fangarnir fengu að vinna þá vinnu sem jafnan var unnin á góðum og reglusömum íslenskum heimilum og gæfi sem mestan arð. Honum hugnaðist ekki að einangra fangana frá öðru fólki, heldur hafði þá trú að með því að halda föngunum að vinnu, þótt hún væri fjarri fangahúsinu, mætti til mikils vinna. Hann taldi að með þessu móti væri það einkum þrennt sem áynnist með þessu. Í fyrsta lagi að dregið væri úr áhrifum hins lokaða fangasamfélags með því að færa refsifullnustuna að hluta út í samfélagið. Í öðru lagi var vinna fanganna bæði gagnleg þeim sjálfum og þjóðfélaginu í heild. Í þriðja lagði stuðlaði þessi tilhögun að sparnaði. Sökum erfiðleika við að reka stofnunina var hún endanlega lögð niður þann 5. nóvember 1813. Hegningar- og betrunarhússvist var svo afnumin

³⁹ Gunnar Karlsson, Brynja Dís Valsdóttir og fl. (2004). *Fornir tímar- Spor mannsins*. Bls. 348

⁴⁰ Björn Þórðarson (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls 15 - 16

sem refsing hér á landi 1816. Í framhaldi af því var engin önnur leið en að taka aftur upp hýðingar í stað hegningarvistar.⁴¹

Fangaflutningar til Danmerkur hófust á ný, en kostnaður af þeim var mikill fyrir konungssjóð og fáir sakamenn frömdu verknaði sem þyngri refsing lá við en sem svaraði til þriggja ára hegningarvinnu. Varð hýðing því aftur algengasta refsingin hér á landi eins og verið hafði. Hýðingaraðferðin var ódýr í framkvæmd og kom það sér vel bæði fyrir þjóðfélagið og brotamaðmanninn sjálfan, þar sem að fullnustan tók fljótt af og brotamaður gat snúið aftur til vinnu sinnar að henni lokinni. Athygli vekur að samkvæmt Birni Þórðarsyni áttu þeir fangar sem þolað höfðu refsivist í Danmörku, auðveldara uppdráttar með að aðlagast samfélaginu á ný, því þeir hefðu lært og þroskast á utanförinni, en hýðingar voru aftur á móti í augum manna svo fyrirlitlegar, að böðullinn sjálfur gat ekki framkvæmt starf sitt án þess að vera lítilsvirtur á eftir, og álitinn engu betri en sá sem hýddur var. Þrátt fyrir þetta voru kostir hýðingar svo mikils metnir að engin drög voru gerð að því að breyta þeirri framkvæmd.⁴²

Með konungsúrskurði árið 1833 var lagt fyrir kansellið⁴³ að leggja mat á það hvort ekki væri möguleiki að afnema líkamlegar refsingar hér á landi og setja á fangelsisvist í stað þeirra. Í framhaldi af því tók kansellið sakamálaölggjöf Íslands til endurskoðunar í heild sinni og lagði fram frumvarp þess efnis að hér yrði dönsk hegningarlöggjöf leidd í lög, ásamt löggjöf um hegningu upp á vatn og brauð. Hýðingar myndu síðan hverfa smátt og smátt úr sögunni eftir því sem fangelsur yrði komið upp í landinu. Þingið samþykkti frumvarpið og lagði til að hegningarhúsi yrði komið á fót svo fljótt sem unnt væri.⁴⁴

5.2 Hegningarhúsið við Skólavörðustíg


Gefin var út tilskipun árið 1871 um að byggt skyldi hegningarhús í Reykjavík ásamt því að byggð yrðu minni fangelsi á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, í Vestmannaeyjum og Stykkishólmi. Nauðsynlegt þótti að setja lög um það hegningarvald sem stjórn hegningarhússins skyldi hafa og var frumvarp að þeim gefið út 5. janúar 1874 sem „tilskipun um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.“ Eftir

⁴¹ Jónatan Þórmundsson (1992) *Viðurlög við afbrotum*. Bls 109 - 110

⁴² Björn Þórðarson (1928) *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls. 158

⁴³ Stjórnarráðsskrifstofa sem annaðist dagleg stjórnarstörf í Danaveldi.

⁴⁴ Björn Þórðarson (1928) *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls. 159-160



Því sem fangelsin risu í hverju umdæmi fyrir sig, voru hýðingar í þeim umdæmum afnumdar með konunglegri tilskipun og hegningarlög komu til framkvæmda um land allt þann 1. ágúst 1876. Því næst var ákveðið að öll hegningarvinna, sem menn væru dæmdir til hér á landi samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, skyldi tekin út í hegningarhúsinu í Reykjavík.⁴⁵

Hegningarhúsinu var lokað 1. júní 2016 eftir 142 ára starfsemi. Undir það síðasta var húsið aðallega notað sem móttökufangelsi fyrir fanga sem voru að hefja afplánun. Fangar með mjög stutta dóma afplánuðu hins vegar enn dóma í hegningarhúsinu alveg þar til því var lokað.⁴⁶

⁴⁵ Björn Þórðarson (1929) *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Bls. 172-175

⁴⁶ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Hegningarhúsið*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/hegningarhusid/>

6. Fangelsi ríkisins

Í þessum kafla verður fjallað um fangelsi á Íslandi. Gerð verður grein fyrir hlutverki og markmiðum Fangelsismálastofnunar ríkisins og stuttlega fjallað um þau fangelsi sem starfrækt eru í dag, bæði það sem snýr að aðbúnaði fanga og þeim úrræðum sem þeim stendur til boða.

6.1 Hlutverk og markmið Fangelsismálastofnunar ríkisins

Hlutverk Fangelsismálastofnunar ríkisins er tilgreint í 5. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, en það er að sjá um fullnustu refsinga og fleiri verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Þá er hlutverk stofnunarinnar að hafa umsjón með rekstri fangelsa á Íslandi, ásamt því að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn og þeirra sem fá skilorðsbundinn dóm eða skilorðsbundna reynslulausn og þeirra sem hljóta náðun eða afplánun refsingar hefur verið frestað.

Þegar mönnum hefur verið ákvrðuð refsing með dómi hefur rekstur fangelsa það hlutverk að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra. Fangelsismálastofnun telur að meginmarkmið fangelsunar sé að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð almenn og sérstök varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.⁴⁷

Þegar fangi hefur lokið refsivist snýr hann aftur út í samfélagið. Það er því hagar samfélagsins alls að hægt sé að draga úr líkum á endurkomu vegna nýrra afbrota. Telur Fangelsismálastofnun mikilvægt að afplánun sé vel skipulögð þannig að samskipti verði á allan hátt mannleg og virðing höfð í fyrirrúmi í samskiptum. Þá er mikilvægt að umhverfi og aðstæður séu til þess fallnar að hvetja fanga til að takast á við vandamál sín. Svo þessum markmiðum verði fullnægt þarf að setja fram einstaklingsmiðaða áætlun um afplánunarferil sérhvers fanga í upphafi refsivistar.⁴⁸

⁴⁷ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsi.is*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsimalastofnun-rikisins/>

⁴⁸ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Hlutverk Fangelsismálastofnunar*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsimalastofnun-rikisins/>

Ennfremur segir á vef Fangelsismálastofnunar um stefnu þeirra til að uppfylla fyrrgreind markmið:

„Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, mat á getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu.“⁴⁹

Fangelsi ríkisins eru nú fimm talsins: Annars vegar þrjú lokuð fangelsi, Fangelsið á Hólmsheiði, Fangelsið á Litla-Hrauni og Fangelsið á Akureyri. Hins vegar tvö opin fangelsi, Fangelsið á Sogni og Fangelsið á Kvíabryggju.⁵⁰

6.2 Fangelsið á Litla-Hrauni

Vinnuhælið, síðar fangelsi, á Litla-Hrauni var stofnað með lögum nr. 26/1928, um heimild fyrir landstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð (síðar vinnuhæli). Segja má að stofnunin hafi verið vakin upp aftur frá tímum betrunarhúsanna. Með lögunum var landstjórninni gefin heimild til að reisa betrunarhús og vinnuhæli, þar sem slæpingjar og fangar sem ekki vildu vinna fyrir sér og sínum gátu stundað gagnlega vinnu.⁵¹

Í upphafi var Litla-Hraun skilgreint sem vinnuhæli en ekki innilokunarfangelsi. Árið 1988 varð það formlega að afplánunarfangelsi. Um tíma var eitt stærsta kúabú landsins starfrækt á Litla-Hrauni þar sem fangar unnu undir stjórn verkstjóra. Einnig unnu þeir svokallaða fráleguvinnu sem fólst í því að þeir unnu utan fangelsisins þar

⁴⁹ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Hlutverk Fangelsismálastofnunar*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/>

⁵⁰ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsi ríkisins*. Sótt 31. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/>

⁵¹ Jónatan Þórmundsson (1992) *Viðurlög við afbrotum*. Bls 118

sem þeir lögðu vegi, byggðu brýr og fleira. Síðar dró úr þess konar vinnu og var henni að lokum hætt.⁵²

Nú er fangelsið á Litla-Hrauni skilgreint sem gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi og fer starfsemi þess fram í 9 byggingum. Aðstaða er í húsnæðinu fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga. Í fangelsinu er ýmis afþreyingaraðstaða fyrir fangana, t.d. líkamsræktaraðstaða, bókasafn, fönduraðstaða og billiardborð. Einnig er þar fótboltavöllur, göngubraut og körfuboltaaðstaða. Fangar stunda þar vinnu og eru helstu verkefni þeirra vörubrettasmíð, hellusteypa, þrif, þvottahús, skrófútaframleiðsla, skjalaöskjuframleiðsla, bílnúmera-og skiltagerð, samsetning í járn- og trésmíði og bón og þvottur bíla. Námsframboð fyrir fanga er sambærilegt við það sem tíðkast í fjölbrautarskólum og hefur Fjölbrautarskóli Suðurlands umsjón með skólahaldi í fangelsinu.⁵³ Fangelsismálastofnun setur gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu eða nám og fer þóknun fyrir hverja klukkustund eftir eðli starfs, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 961/2005 um fullnustu refsinga.

6.3 Fangelsið á Kvíabryggju

Frá árinu 1954 voru vistaðir menn í fangelsinu á Kvíabryggju sem greiddu ekki meðlagsskuldir eða barnalífeyri. Fyrstu refsifangarnir voru sendir þangað til afplánunar árið 1963. Auk 22 fangaklefa er þar aðstaða bæði til að stunda æfingar og tómstundastarf. Stuðlað er að andlegri og líkamlegri uppbyggingu fanga og stunda þeir því útivist og íþróttir, sem til að mynda felast í því að fara með fangavörðum í reglulegar gönguferðir, hjólreiðatúra og fjallgöngur. Fangar sem vistast á Kvíabryggju njóta ákveðins frelsis umfram þá sem vistast í lokuðum fangelsum, og er fangelsið skilgreint sem opið fangelsi. Fangarnir taka jafnframt á sig ábyrgð í samræmi við það og eru þeir í mun nánari tengslum við samfélagið og því auðveldara að vinna að endurhæfingu þeirra. Ákveðin skilyrði fylgja því að eiga möguleika á vistun á Kvíabryggju, s.s. að halda sig innan fangelsissvæðisins og vinna eftir ákveðinni dagskrá. Þá má fangi ekki vera háður ávanabindandi efnun. Það er skylda að stunda

⁵² Vernd fangahjálp (e.d.) *Litla-Hraun*. Sótt 13. mars 2017 af:

http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=54&Itemid=150

⁵³ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsið Litla-Hrauni*. Sótt 29. mars 2017 af:

<http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni/>

vinnu eða nám og er áhersla lögð á að efla lífsleikni. Fangar sjá því að mestu leyti um sig sjálfir, þeir elda mat, sinna þrifum og taka þátt í allri starfsemi fangelsisins.⁵⁴

Fangar á Kvíabryggju hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu sem veitt er af Heilsugæslustöðinni á Grundarfirði. Sálfræðingar halda reglulega hópnámskeið og veita hópmeðferð svo sem í reiðistjórnun og atferlismeðferð, ásamt því að veita þeim einstaklingsbundna þjónustu. Einnig er aðgangur að félagsráðgjöf í fangelsinu og þar er kostur á fjarnámi í samvinnu við viðurkennda skóla.⁵⁵

6.4 Fangelsið á Akureyri

Árið 2008 var endurbyggt fangelsi á Akureyri formlega tekið í notkun og er aðstaða þar fyrir 10 fanga. Í bæklingi frá Fangelsismálastofnun ríkisins um fangelsið segir að í fangelsinu sé allur aðbúnaður góður og lögð sé áhersla á öryggi, samvinnu og endurhæfingu. Hægt er að vista þar tvær konur og átta karlfanga. Skilyrði er að fangar séu lyfjalausir, nema í algjörum undantekningartilfellum og þá undir ströngu eftirliti læknis. Auk þess þurfa fangar að stunda vinnu eða fjarnám og taka virkan þátt í meðferðaráætlun á vegum fangelsisins. Einu sinni í viku kemur læknir frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í fangelsið og hjúkrunarfræðingur sinnir fangelsinu reglulega. Samstarf er einnig á milli Fangelsismálastofnunar og Fjórðungssjúkrahússins um geðlæknis- og sálfræðiþjónustu.⁵⁶ Ekki kemur fram hversu tíðar heimsóknir geðlækna eða sálfræðinga eru í fangelsið.

6.5 Fangelsið á Sogni

Fangelsið á Sogni er skilgreint sem opið fangelsi líkt og fangelsið á Kvíabryggju. Það var formlega tekið í notkun árið 2012. Á vef Fangelsismálastofnunar segir að aðbúnaður í fangelsinu sé góður og gert sé ráð fyrir að vista þar allt að 20 fanga. Allar aðstæður eru þar líkt og á Kvíabryggju, s.s. aðstaða til að elda, þvo þvott og svo framvegis og er föngunum gert að vinna við allt það sem viðkemur almennu húshaldi. Auk þess vinna þeir störf sem tengjast viðhaldsverkefnum innandyra og sjá um að útivistarsvæði sé snyrtilegt, s.s. með málningarvinnu á klefum, garðrækt, garðslátt ofl.

⁵⁴ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsið Kvíabryggju*. Sótt 29. mars 2017 af: http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/kviabryggja_baeklingur.pdf

⁵⁵ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsið Kvíabryggju*. Sótt 29. mars 2017 af: http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/kviabryggja_baeklingur.pdf

⁵⁶ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsið Akureyri*. Sótt 29. mars 2017 af: http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/fangelsid_Akureyri.pdf

Unnið er eftir sérstakri umhverfisstefnu sem fangar taka virkan þátt í. Þá segir á vef Fangelsismálastofnunar að stefnt sé að því að fangar fari í sérstök verkefni undir eftirliti fangavarða.

6.6 Fangelsið Hólmsheiði

Þann 4. apríl 2013 var fyrsta skóflustungan tekin að nýju fangelsi á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þótti merkur áfangi í fangelsissögu landsins þar sem stefnt hefur verið að því að byggja fangelsi á höfuðborgarsvæðinu í tugi ára. Fangelsið á Hólmsheiði er fyrsta fangelsið sem byggt er hér á landi síðan Hegningarhúsið var reist árið 1874.

Þáverandi innanríkisráðherra Ólöf Nordal lýsti fangelsið formlega opnað þann 10. júní 2016. Ólöf fagnaði tímamótunum en sagði tilfinningarnar blendnar:

„Þetta er auðvitað fangelsi og hér koma menn og konur til að afplána refsivist, þannig að það er auðvitað mjög alvarlegur undirtónn í byggingu af þessu tagi. En það er líka mikilvægt að huga að betrunarþætti fangelsa og hér er sannarlega verið að stíga mjög stór skref inn í nútímann.“⁵⁷

Fangelsið er móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi og flokkast því sem lokað fangelsi. Þar eru fjórar sérdeildir og getur fangelsið vistað alls 56 fanga. Sérstök deild er í fangelsinu ætluð kvenföngum. Í fangelsinu er öll aðstaða góð, svo sem tómstundaaðstaða, líkamsræktaraðstaða og aðstaða fyrir vinnu og nám. Stórir og góðir garðar eru til útivistar.⁵⁸

Páll Winkel fangelsismálastjóri sagði í tilefni opunar fangelsisins: *„Annars vegar erum við búin að loka fangelsum sem töldust ónýtt og var ekki heimilt að loka menn inni í. Svo erum við að opna hér fangelsi sem er öruggt og mannúðlegt og við fjölgum rýmum um 30. Þannig að það er verið að bregðast við þessum vanda og ég held við séum nokkurn veginn komin inn í 21. öldina.“⁵⁹*

⁵⁷ Una Sighvatsdóttir (2016, 10. júní). Manneskjulegra fangelsi á Hólmsheiði. *Vísir*. Sótt 14. mars 2017 af: <http://www.visir.is/manneskjulegra-fangelsi-a-holmsheidi/article/2016160619857>

⁵⁸ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Fangelsið Hólmsheiði*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsi-holmsheidi/>

⁵⁹ Una Sighvatsdóttir (2016, 10. júní). Manneskjulegra fangelsi á Hólmsheiði. *Vísir*. Sótt 14. mars 2017 af: <http://www.visir.is/manneskjulegra-fangelsi-a-holmsheidi/article/2016160619857>

Þá sagði Páll að mannúðleg nálgun í fangelsismálum væri vænlegri til árangurs: „Okkar verkefni er að frelsissvipta menn, en ekki að hafa aðbúnaðinn eins ömurlegan og mögulegt er. Við getum með þessu móti dregið úr því að mönnum líði illa og hjálpað fólki að komast aftur út í frelsið.“⁶⁰

Almennar reglur um heimsóknir, símhringingar og útiveru fanga:

Almennar reglur um:	Í lokuðum fangelsum	Í opnum fangelsum
Heimsóknir fjölskyldu	Minnst vikulega	Minnst vikulega
Heimsóknir vina	Mest tvær í mánuði	Minnst vikulega
Úthringingar	Frá kl. 08:00 – 21:00*	Frjáls aðgangur*
Innhringingar	Ekki heimilar	Þrisvar í viku
Útiveru	Lágmark 1,5 klst. á dag	Frjáls í frítíma meðan bjart er

**Fangi hefur heimild til að nota síma til að ná í opinbera aðila í samræmi við 49. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.*

⁶⁰ Una Sighvatsdóttir (2016, 10. júní). Manneskjulegra fangelsi á Hólmsheiði. *Vísir*. Sótt 14. mars 2017 af: <http://www.visir.is/manneskjulegra-fangelsi-a-holmsheidi/article/2016160619857>

7. Önnur fullnustuúrræði

Samkvæmt 31. gr. fullnustulaga getur Fangelsismálastofnun gefið leyfi fyrir því að fangi fái að afplána hluta refsítímans utan fangelsis, enda stundi hann vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu að nýju og búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti. Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar, og verða nokkur af þeim skilyrðum rakin í þessum kafla. Fangi skal samþykkja skriflega skilyrði fyrir vistuninni og greiða þau gjöld sem slíkar stofnanir eða heimili innheimta hjá vistmönnum.⁶¹

7.1 Áfangaheimilið Vernd

Þóra Einarsdóttir stofnaði samtökin Vernd árið 1959. Hún sótti hugmyndina að samtökunum til Danmerkur þar sem hún hafði dvalið við nám. Tilgangur samtakanna var að aðstoða þá sem hefðu komist á skjön við samfélagið að ná fótfestu í lífinu og verða nýtir þjóðfélagsþegnar.⁶²

Áfangaheimilið Vernd er nú til húsa að Laugateigi 19 í Reykjavík, og lýtur að sama markmiði og áður, að aðstoða fanga að aðlagast samfélaginu á ný eftir afplánun. Dómþoli getur, eftir að hafa afplánað a.m.k. 1/3 hluta afplánunartímans í fangelsi eða með samfélagsþjónustu, sótt um til Fangelsismálastofnunnar að afplána hluta fangelsisrefsingar á áfangaheimilinu. Sé fallist á afplánun fanga á Áfangaheimili Verndar er skilyrði að hann stundi nám, sé í viðurkenndri meðferð, starfsþjálfun eða hafi atvinnu, og fylgi þeim heimilisreglum sem settar hafa verið. Útivist fanga er óheimil frá kl. 23:00 til kl. 07:00 að morgni og frá kl. 21:00 til kl. 07:00 um helgar. Jafnframt skal fangi vera á dvalarstað sínum ef hann sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, nema að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun. Einnig er þeim skylt að vera í húsi yfir kvöldverðartíma á milli kl. 18:00 og 19:00. Brot á útivistarreglum er samstundis tilkynnt sem stök úr refsivist. Fanga ber að hlíta húsreglum í einu og öllu og öll neysla áfengis og vímuefna er stranglega bönnuð. Þá er heimilismönnum skylt að mæta í viðtöl hjá

⁶¹ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Afplánun hjá Vernd*. Sótt 29. mars 2017 af:

<http://www.fangelsi.is/fullnusta-refsidoma/oskilordsbundid/afplanun-utan-fangelsa/vernd/>

⁶² Hreinn S. Hákonarson (2010). Konur stofnuðu Vernd. *Verndarblaðið*, 40. árg. Afmælisblað.

framkvæmdastjóra, forstöðumanni, áfengisráðgjafa, félagsráðgjafa eða öðrum sem veita ráðgjöf á vegum Verndar, sé þess óskað.⁶³

7.2 Rafrænt eftirlit

Samkvæmt 32. gr. fullnustulaga getur Fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis ef dómur hefur hljóðað uppá 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengra, enda hafi hann á sér sérstakan búnað svo hægt sé að fylgjast með ferðum hans. Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun 60 dagar undir rafrænu eftirliti. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur hið mesta orðið 360 dagar.

Samkvæmt 33. gr. fullnustulaga þarf fangi að uppfylla ýmis skilyrði svo rafrænt eftirlit komi til álita. Í fyrsta lagi þarf hann að teljast hæfur til að sæta rafrænu eftirliti og hann þarf að hafa fastan samastað. Hann þarf að stunda vinnu, nám, vera í starfsþjálfun eða meðferð, eða sinna öðrum verkefnum sem Fangelsismálastofnun hefur veitt samþykki fyrir og er liður í að aðlaga hann að samfélaginu á ný. Maki fanga, forsjáradili, nánasti aðstandandi eða húsráðandi verður að veita samþykki sitt fyrir því að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra. Um útivist fanga á rafrænu eftirliti gilda sömu reglur og raktar eru í kaflanum um Áfangaheimilið Vernd, og eins og þar, er fanga óheimilt að neyta áfengis eða ávana- og fíkniefna. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að fangi sæti sérstakri meðferð, sbr. 2. tl. 2. mgr. 34. gr. fullnustulaga.⁶⁴

Heimilt er skv. 3. mgr. 34. gr. fullnustulaga að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Áður en fullnusta fangelsisrefsingar með rafrænu eftirliti hefst, skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim, sbr. 4. mgr. 34. gr.

⁶³ Vernd fangahjálp (e.d.). Heimilisreglur á Laugarteigi 19. Sótt af: http://vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=41&Itemid=108

⁶⁴ Fangelsismálastofnun ríkisins (e.d.) *Rafrænt eftirlit*. Sótt af: <http://www.fangelsi.is/rafraent-efirlit>

Í 1. og 2. mgr. 35. gr. fullnustulaga er kveðið á um að ef fangi stundar ekki vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem var skilyrði þess að hann fengi að fullnusta dóm sinn utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir fullnustu, getur Fangelsismálastofnun ákveðið að flytja hann aftur í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili að fangi hafi brotið skilyrði fyrir áframhaldandi dvöl þar og uppfylli fangi ekki lengur skilyrði skv. 33. gr. eða rýfur skilyrði skv. 34. gr. tekur Fangelsismálastofnun ákvörðun um hvort skilyrðum rafræns eftirlits skuli breytt og hvort heimild til afplánunar undir rafrænu eftirliti verði afturkölluð og refsing afplánuð í fangelsi. Fangar skulu fá kost á því að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um að flytja þá í fangelsi á ný, nema brotið sé þess eðlis að brýnt sé að flutningur verði framkvæmdur strax.

7.3 Samfélagsþjónusta í stað fangelsisrefsingar

Ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því er heimilt að fullnusta allt að 12 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir, sbr. 37. gr. fullnustulaga.

Með lögum um fullnustu refsinga sem tóku gildi árið 2016 var hámarksrefsing sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu hækkuð úr 9 mánuðum í 12 mánaða fangelsi. Árið 2011 tóku gildi lög um breytingu á þágildandi lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005, þar sem hámarksrefsing sem unnt var að fullnusta með samfélagsþjónustu var hækkuð úr 6 mánuðum í 9 mánaða fangelsi.⁶⁵

Þau skilyrði sem þarf að uppfylla svo að samfélagsþjónusta komi til greina samkvæmt 38. gr. fullnustulaga eru meðal annars, að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun að fá að fullnusta dóm sinn með samfélagsþjónustu, ekki síðar en viku áður en afplánun átti að hefjast og að hann eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum, þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað. Einnig þarf að meta hvort dómþoli sé hæfur til að gegna samfélagsþjónustu.

⁶⁵ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Samfélagsþjónusta*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/i-stad-fangelsisrefsingar/>

Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um hvort að fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu eða ekki, sbr. 39. gr. Ef samfélagsþjónusta er samþykkt tekur Fangelsismálastofnun ákvörðun um hvaða samfélagsþjónustu dómþoli skal sinna í hverju tilviki. Þá tekur stofnunin einnig ákvörðun um á hve löngum tíma samfélagsþjónustan er innt af hendi, sá tími skal þó aldrei vera styttri en 2 mánuðir.

Samfélagsþjónusta er bundin skilyrðum, sbr. 1. mgr. 40. gr. Dómþoli má ekki hljóta kæru fyrir refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónustan er innt af hendi og hann þarf að sæta umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða aðila á vegum hennar. Auk þess má binda samfélagsþjónustu þeim skilyrðum að dómþoli hlíti fyrir mælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tólmundastarfa. Þá má dómþoli ekki neyta áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Ef dómþoli uppfyllir ekki lengur skilyrði um samfélagsþjónustu samkvæmt 38. gr. eða rýfur skilyrði 40. gr. eða sinnir henni ekki með fullnægjandi hætti, ákveður Fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort heimildin verði afturkölluð og fangelsisrefsing afplánuð í fangelsi, sbr. 1. mgr. 41. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. fullnustulaga er kveðið á um að þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða brot er ekki alvarlegt eða ítrekað skuli veita áminningu áður en ákvörðun er tekin um hvort að fangelsisrefsing skuli afplánuð.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem fullnustuð hefur verið að hluta með samfélagsþjónustu, eru afplánaðar, er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum skv. 80. gr. fullnustulaga. Þannig að $\frac{1}{2}$ og $\frac{2}{3}$ hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.⁶⁶

⁶⁶ Fangelsismálastofnun ríkisins. *Samfélagsþjónusta*. Sótt 29. mars 2017 af: <http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/i-stad-fangelsisrefsingar/>

8. Lög um fullnustu refsinga og betrun

Í þessum kafla verður farið yfir hvernig lög um fullnustu refsinga hafa þróast í gegnum tíðina og þá sérstaklega þau nýmæli laganna sem hafa komið inn, en einnig þau ákvæði sem talist gætu „bakslag“ varðandi þróun til betrunar. Þá eru lögskýringargögn með lögunum skoðuð með það að markmiði að greina hver vilji löggjafans og sjónarmið hafa verið til betrunar fanga.

8.1 Lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1961

Árið 1960 var þáverandi sakadómara, Valdimari Stefánssyni, falið að gera tillögur um að koma fangelsismálum landsins í nútímahorf. Í því sambandi var honum falið að leita fyrirmynda á umbótum á þessum málaflokki á Norðurlöndunum. Í framhaldinu gerði sakadómariinn tillögur til úrbóta og á grundvelli þeirra tillagna voru samin tvö frumvörp, þ.e. frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og frumvarp til laga um héraðsfangelsi. Í því fyrrnefnda var lögð áhersla á að húsakosti í fangelsismálum væri komið í nútímahorf. Í lagafrumvarpinu var lagt til að unglíngafangelsi yrði komið á fót er rúmaði 25 fanga og að byggt yrði við vinnuhælið á Litla-hrauni þannig að þar yrði rými fyrir 60 fanga. Að auki, að byggt yrði ríkisfangelsi í útjaðri Reykjavíkur sem skiptist í eftirfarandi deildir: Einangrunarfangelsi, öryggisgæsludeild, geðdeild, kvennafangelsi og gæsluvarðhald, þar sem yrði samtals rými fyrir 100 fanga. Með 7. gr. laganna var tryggð ein milljón kr. á ári hið minnsta til fangelsabygginga, þar til þau fangelsi sem kveðið var á um í lögunum yrði komið á fót. Þá sagði í 8. gr. að um leið og ríkisfangelsið tæki til starfa, yrði hegningarhúsið við Skólavörðustíg lagt niður.⁶⁷ Síðarnefnda frumvarpið fjallaði um héraðsfangelsi, þar sem annað hvort átti að bæta þau fangelsi vítt og breytt um landið sem þegar voru til, þannig að þau yrðu fullnægjandi eða byggja ný í þeim sveitafélögum sem nauðsyn þótti.⁶⁸

Í nefndaráliti um frumvarpið um ríkisfangelsi og vinnuhæli frá minnihluta allsherjarnefndar var meiri áhersla lögð á umönnun fanganna en húsakost þeirra.

⁶⁷ Frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0030.pdf>. Sótt 18. mars 2017

⁶⁸ Frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0030.pdf>. Sótt 18. mars 2017

Minnihluti nefndarinnar benti m.a. á þingsályktunartillögu sem flutt var á þinginu 1958 um aðbúnað fanga. Efnislega var tillagan á þá leið að nefnd sérfróðra manna yrði falið að rannsaka aðbúnað fanga hér á landi, og gera síðan tillögur um nauðsynlegar breytingar og endurbætur. Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

„Sú skoðun mun almenn, að fangelsismálum þjóðarinnar sé í ýmsu mjög ábótavant. Á það ekki hvað sízt við um þann þátt þeirra, sem mikilsverðastur er, meðferð afbrotamanna og afvegaleiddra ungmenna. Í menningarþjóðfélagi hlýtur sú meðferð að miðast við það að ná sem bestum árangri í lækningu þeirra meinsemda, sem orsaka misgerðir og afbrot. Þessum þætti mun lítil sómi sýndur í verki og árangur refsivistar reynast í samræmi við það.“

Ennfremur benti minnihluti allsherjarnefndar á það sem sagði í greinargerðinni:

"Á eina svokallaða vinnuhælið, Litla-Hraun, hefur um áraskeið verið safnað saman flestum eða öllum afbrotamönnum, sem dæmdir hafa verið til verulegrar refsivistar, og hefur þá ekkert tillit verið tekið til þess, hvers eðlis afbrotin voru eða manngerðirnar, sem látnar voru deila aðbúð og kjörum. Afleiðing þessa hefur orðið sú m. a., að óhörðnuð ungmenni, sem fyrst og fremst þarfnast sálarlegrar aðhlyningar og nytsamra starfa, hafa verið ofurseld áhrifum vanrækra og forhertra glæpamanna. Munu þess dæmi, að slík ungmenni hafi þá fyrst orðið löggæzlumönnum alvarlegt viðfangsefni og hættulegt, er þau höfðu afplánað hegningu sína á þessum stað."

Minnihlutanum þótti það stórt framfaraspor að stefna að byggingu mismunandi tegunda fangelsa, en þótti það eigi raunhæft að byggja allar þessar fangelsisbyggingar með aðeins eina milljón kr. á ári, eins og ákvæði í frumvarpinu sagði til um. Álitu þeir að það tæki marga áratugi að koma þessum byggingum upp og þá mætti gera ráð fyrir að fangelsin yrðu orðin of lítil og úrelt, og þannig myndi vera hjakkað í sama farinu í fangelsismálum.⁶⁹

Minnihlutinn gagnrýndi það einnig að hvergi var minnst á menntun eða þjálfun þess starfsliðs sem hafa skyldi eftirlit með föngunum og annast meðferð þeirra. Þetta þótti þeim mjög mikilvægur þáttur og töldu hann allavega eins mikilvægan og húsakostinn. Þeir bentu á að við fangelsin ætti að starfa sérfróður læknir, sérfróður sálfræðingur og sérmenntaðir fangaráðunautar, auk þess ættu að starfa þar þjálfaðir fangaverðir.

⁶⁹ Nefndarálit um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <http://www.althingi.is/alttext/81/s/pdf/0338.pdf>. Sótt 18.03.2017

Loks lagði minnihlutinn til að framlag ríkissjóðs til fangelsisbygginga yrði hækkað um helming, þó svo að þeir teldu þá hækkun ekki einu sinni nægja, en vera þó betri en engin. Í álitinu segir:

*„Fangelsismálin hafa árum saman verið látin sitja á hakanum þjóðfélaginu til skaða og skammar. Það er hverju orði sannara, sem segir í athugasemdum við frumvarpið, að fangelsismálin mega ekki gjalda þess um alla framtíð, að þau hafa til þessa dags orðið útundan“.*⁷⁰

Meirihluti allsherjarnefndar samþykkti frumvarpið óbreytt.⁷¹

8.2 Lög um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973.

Með lögum nr. 38/1973 voru lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1963 og lög um héraðsfangelsi nr. 21/1961 sameinuð í ein lög, þar sem ýmsu var breytt og öðru bætt við.

Í 1. mgr. 8. gr. var tekið upp ákvæði þágildandi 37. gr. almennra hegningarlaga, um að fangavist fylgdi vinnuskylda, en jafnframt kveðið á um, að skylt væri að sjá til þess að nægjanlegt húsrými til að framkvæma þá skyldu væri fyrir hendi. Einnig að séð væri fyrir annarri aðstöðu og tækjum, bæði til vinnu og kennslu. Í 2. mgr. sömu greinar var kveðið á um að fangar skyldu fá greidd laun fyrir vinnu sína og samræmdist það einnig þágildandi 37. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt var því nýmæli bætt við ákvæðið, að tekið skyldi tillit til arðsemi vinnu fanganna og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launanna. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu sagði að stefna þyrfti að því að hækka laun fanganna.⁷² Einnig var tryggð í ákvæðinu, heimild dómsmálaráðherra til að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundradshluti af launum fanganna færu í skyldusparnað, og sú upphæð sem sparaðist rynni til fjölskyldu fangans eða afhentist honum sjálfum að lokinni afplánun.⁷³

Lagt var til að heitinu á unglingsfangelsi yrði breytt í unglingsvinnuhæli og lögð var áhersla á aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu í 9. gr.

⁷⁰ Nefndarálit um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0338.pdf>. Sótt 18. mars 2017

⁷¹ Nefndarálit um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0347.pdf>. Sótt 18. mars 2017

⁷² Frumvarp til laga um fangelsi og vinnuhæli, þskj. 130, 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/93/s/pdf/0130.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁷³ Frumvarp til laga um fangelsi og vinnuhæli, þskj. 551, 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/93/s/pdf/0551.pdf>. Sótt 19. mars 2017

Ákvæði 14. gr. kvað á um að starfrækja skyldi sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað væri ákæru gegn, dæmdir voru til skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skyldi stofnunin hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem ætti við.⁷⁴

8.3 Lög um fangelsi og fangavist nr. 48/1988

Frumvarp það er varð að lögum nr. 48/1988 var endurskoðun á lögum nr. 38/1973 um fangelsi og vinnuhæli og þeim hluta þágildandi V. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er varðaði fangelsi og fangavist. Frumvarpið tók mið af aðstæðum sem voru í fangelsismálum hér á landi á þeim tíma, en gerði ekki ráð fyrir grundvallarbreytingum á framkvæmd fullnustu óskilorðsbundinna refsivistardóma. Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af norrænni löggjöf, einkum norskum og sænskum lögum á þessu sviði.⁷⁵

Þegar frumvarp þetta var samið hafði ríkisfangelsi ekki verið byggt og engin áform höfðu verið um að byggja það, þrátt fyrir að ákvæði hefði verið um það í lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. 18/1961. Unglingavinnuhæli hafði heldur ekki verið komið á fót. Gert var ráð fyrir því í frumvarpinu að fallið yrði frá hugmyndum um ríkisfangelsi, eins og það var skilgreint í þágildandi lögum. Samkvæmt frumvarpi þessu var fangelsum skipt í afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi.⁷⁶

Ekki þóttu höfundum frumvarpsins rök til þess að takmarka forstöðumannsstarf fangelsa við lögfræðinga og félagsráðgjafa, eins og kveðið var á um í 11. gr. þágildandi laga. Felldu þeir út skilyrðið um að forstöðumaður skyldi sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál.⁷⁷

Í 5. gr. var fjallað um hvaða lágmarks sérhæfðu þjónustu skyldi veita í fangelsum. Gert var ráð fyrir að þeirri þjónustu væri hægt að sinna sem aukastarfi sérhæfðra

⁷⁴ Frumvarp til laga um fangelsi og vinnuhæli, þskj. 551. 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/93/s/pdf/0551.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁷⁵ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁷⁶ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁷⁷ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

starfsmanna eða af fastráðnum starfsmönnum. Læknar voru þá ráðnir í hlutastörf við fangelsin í Reykjavík, á Litla-Hrauni og Bitru (sem var opið fangelsi en hefur nú verið lokað). Heilsugæslulæknar sinntu þjónustu án sérstaks samnings við vinnuhælið að Kvíabryggju og á Akureyri. Þá starfaði þar einn prestur og einn sálfræðingur er sinntu öllum fangelsunum.⁷⁸

Í 6. gr. var ákvæði um að starfrækja skyldi sérstaka stofnun til að annast eftirlit með þeim sem frestað var ákæru gegn, dæmdir voru til skilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða fengu skilorðsbundna reynslulausn eða náðun og til að annast félagslega þjónustu við þá og aðra fanga. Þá segir í frumvarpinu:

„Nauðsynlegt þykir að auka félagslega þjónustu við fanga og núverandi skjólstæðinga Skilorðseftirlits ríkisins og þykir eðlilegt að þessi starfsemi sé rekin undir einni yfirstjórn þar sem um sömu skjólstæðinga er að ræða. Nú sinnir skilorðseftirlitið þeim sem frestað er ákæru gegn, en það eru einkum yngri afbrotamenn sem ekki hafa fengið dóma. Þeir sem dæmdir eru skilorðsbundið hefur aldrei verið gert að sæta eftirliti skilorðseftirlitsins. Skilorðseftirlitið hefur eftirlit með flestum er losna úr fangelsum á reynslulausn og þykir rétt að tengsl þeirra við væntanlega skjólstæðinga hefjist þegar í fangelsunum. Þannig má búa þá betur undir komu þeirra út í þjóðfélagið á ný. Ákvæðið um að stofnunin skuli í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir eftir því sem við á er óbreytt frá núgildandi 14. gr.“⁷⁹

Í 8. gr. var kveðið á um að dómsmálaráðherra skyldi ákveða í hvaða fangelsi afplánun færi fram og þá skyldi tillit tekið til aldurs, kynferðis, búsetu og brotaferils fangans. Þá kom fram að fangi, sem átti við andlega eða líkamlega fötlun að stríða eða þarfnaðist af öðrum ástæðum sérstaks aðbúnaðar, skyldi afplána dóm í fangelsi sem uppfyllti skilyrði um slíkan búnað. Í 2. mgr. sömu greinar var kveðið á um heimild fyrir konu til að hafa ungbarn hjá sér í fangelsinu við upphaf afplánunar sem og ef barnið fæddist á meðan á afplánun móðurinnar stæði.⁸⁰

Í 10. gr. sagði að fanga, 20 ára og yngri, mætti hafa eina sér í fangavist og láta þá sæta sérstakri meðferð og að leggja skyldi áherslu á að efla andlegan og líkamlegan þroska þeirra með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna

⁷⁸ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁷⁹ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸⁰ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

þeim atvinnugreinar sem komið gætu að gagni þegar þeir hefðu lokið afplánun sinni. Þetta ákvæði var áður í 43. gr. hengingarlaga en þá var miðað við 22 ára aldur.⁸¹

Í 13. gr. var bent á mikilvægi þess að bjóða upp á fullnægjandi vinnuástöðu fyrir fanga, þar sem vinnan væri liður í því að gera fanga hæfari til að koma aftur út í þjóðfélagið, auk þess sem talið var að vinna hefði mikið gildi að því leyti að menn sættu sig betur við fangavistina. Í 9. mgr. sömu greinar var um nýmæli að ræða, en þar var sett skilyrði fyrir því að greiða fanga dagpeninga sem ekki væri í vinnu. Skilyrðið var að fangelsisstjórn gæti ekki útvegað vinnu fyrir viðkomandi fanga. Var þetta fyrirkomulag þá þegar til staðar í fangelsinu á Akureyri og á Bitru og miðuðust dagpeningar við brýnustu nauðsynjar fangans.⁸²

Í 14. gr. var þess getið að reglubundið nám fanga kæmi í stað vinnuskyldu og í 15. gr. var kveðið á um að föngum skyldi séð fyrir aðstöðu til tómsundaiðkana og líkamsþjálfunar, enda væri hún bágborin. Einnig var sett í ákvæðið að fangi skyldi eiga a.m.k. eina klukkustund á dag í útivist nema aðstæður hömluðu. Í 16. gr. sagði að fangi skyldi vera einn í klefa, nema sérstakar aðstæður eða húsrými kæmu í veg fyrir það, og að klefinn skyldi vera lokaður að næturlagi.⁸³

Með 17. - 19. gr. voru áður ólögfest ákvæði sett í lög. Í fyrsta lagi var kveðið á um þann rétt fanga að þiggja heimsóknir. Í öðru lagi var kveðið á um heimild fanga til að senda og taka á móti bréfum og í þriðja lagi um rétt fanga til símtala. Fangi hafði þannig rétt til að hringja stutt símtöl þrisvar í viku og hringja mátti til hans þrisvar í viku í fangelsið. Dómsmálaráðherra hafði heimild til að takmarka rétt fanga samkvæmt 17. – 19. gr., ef öryggi ríkisins krafðist þess og var þetta ákvæði nýmæli í 20. gr.⁸⁴

Heimild til að veita fanga leyfi meðan á afplánun stóð var fyrst veitt með breytingarlögum almennra hegningarlaga nr. 42/1985. Í 21. gr. laga um fangelsi og

⁸¹ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸² Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸³ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸⁴ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

fangavist sagði: „*Veita má fanga leyfi til skammrar dvalar utan fangelsis ef slikt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki. Leyfi skal ekki veitt ef hætta er á að fangi misnoti það.*“ Í greinargerð með frumvarpinu sagði að í framkvæmd hefðu undanfarin ár verið veitt leyfi þegar fangi hefði verið a.m.k. eitt ár í afplánun og honum þá veitt leyfi til dagsdvalar utan fangelsis og síðan á hálfis árs fresti. Tekið var fram í greinargerðinni að víðast hvar á Vesturlöndum væru ákvæði um leyfi meðan á afplánun stæði í fóstum skorðum og mun víðtækari en hér á landi.⁸⁵

Með breytingarlögum nr. 123/1997 var nýjum kafla um samfélagsþjónustu bætt við lög um fangelsi og fangavist, en höfðu áður verið sérlög um það efni. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um samfélagsþjónustu nr. 55/1994 var miðað við að ef maður var dæmdur til allt að þriggja mánaða refsivistar, þá væri heimilt að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 120 klukkustundir. Þegar kaflinn um samfélagsþjónustu var tekinn upp í lögum um fangelsi og fangavist voru þær breytingar gerðar, að í stað þriggja mánaða viðmiðunar áður var miðað við sex mánuði og í stað þess að miða við 120 klukkustunda hámark var miðað við 240 klukkustundir.⁸⁶

Í 26. gr. laganna um fangelsi og fangavist var fjallað um hvaða agaviðurlögum væri heimilt að beita. Heimil agaviðurlög voru nánar tiltekið eftirfarandi:

1. *Áminning, og var það nýmæli í lögnum. Ástæða þótti til að taka upp áminningu fyrir til dæmis fyrsta minni háttar brot á reglum fangelsis. Næstu tölulíðir voru óbreyttir úr almennum hegningarlögum.*
2. *Svipting réttinda sem fangar almennt nutu.*
3. *Svipting vinnulauna.*
4. *Einangrun í allt að 30 daga.*

Einnig voru það nýmæli sömu greinar að annars vegar væri heimilt að skilorðsbinda ákvarðanir um agaviðurlög og hins vegar að ákvarðanir um agaviðurlög skyldu bókaðar og birtar fanga í viðurvist vitnis.⁸⁷

⁸⁵ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸⁶ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

⁸⁷ Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19. mars 2017

8.4 Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005

Við samningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. 49/2005 um fullnustu refsinga var höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga um fullnustu refsinga, og ákvæða evrópsku fangelsisreglnanna sem gefnar voru út af Evrópuráðinu árið 1987. Einnig var höfð hliðsjón af álitum umboðsmanns Alþingis um málefni fanga. Í frumvarpinu voru ýmis nýmæli og breytingar, sem voru þessar helstar:

Í 7. gr. var ítarlega fjallað um heimild fangavarða til að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, teldist það nauðsynlegt, til:

1. að koma í veg fyrir stök,
2. að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaðaði sjálfan sig eða aðra og til að koma í veg fyrir skemmdarverk,
3. að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf var á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnaði eða lét ógert að fylgja fyrirmælum um.⁸⁸

Um nýmæli var að ræða í 2. mgr. 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir að við upphaf afplánunar færu fangar í læknisskoðun. Tilgangurinn með því var að lækni gæti metið heilbrigði fanga og líkamlegt ástand við komu þeirra í fangelsið.⁸⁹

Í 17. gr. voru nýmæli sem tóku mið af evrópsku fangelsisreglunum og dönsku fullnustulögnum, og fjölluðu um hvaða upplýsingar innlendir og erlendir fangar skyldu fá við upphaf afplánunar. Það þótti rétt að fangar fengju allar þær upplýsingar sem um afplánunina giltu, og að sama skapi upplýsingar um réttindi sín og skyldur. Ákvæðið átti enn fremur rót sína að rekja til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2805/1999, þar sem umboðsmaður ákvað að taka ýmis réttindamál fanga til athugunar að eigin frumkvæði. Í áliti hans kom m.a. fram að upplýsingar þær sem fangar fengju um réttarstöðu sína við upphaf afplánunar væru ekki samræmdar. Gerði umboðsmaður m.a. athugasemdir við að í þeim upplýsingum sem veittar væru föngum kæmi ekki fram að þeir gætu leitað í trúnaði til umboðsmanns Alþingis, skriflega eða

⁸⁸ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁸⁹ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

símleiðis. Þá benti umboðsmaður á að rétt væri að upplýsingar um réttindi og skyldur fanga við upphaf afplánunar væru einnig aðgengilegar á ensku.⁹⁰

Í 2. mgr. 17. gr. kom fram að Fangelsismálastofnun skyldi í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skyldi endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stæði. Markmiðið með því var að bæta heilsu fangans og gera honum kleift að aðlagast sem best þegar hann snéri út í samfélagið á ný.⁹¹

Í 19. gr. var fjallað um að fangi skyldi eiga kost á að stunda nám, starfsþjálfun eða aðra starfsemi meðan á afplánun stæði og kæmi það í stað vinnuskyldu.

Með ákvæði 25. gr. var það tekið af að agaviðurlögum væri beitt við afplánun refsidóma utan fangelsis. Hins vegar, ef að fangi ryfi skilyrði fyrir vistun utan fangelsis var lagt til að Fangelsismálastofnun gæti ákveðið að færa fanga aftur í fangelsi, og fanga skyldi gefinn kostur á að tjá sig áður en ákvörðun væri tekin um að flytja hann á ný í fangelsi.⁹²

Nýmæli voru í 27. gr. þar sem rýmkaður var sá möguleiki að fullnusta dóm með samfélagsþjónustu. Skilyrði þess að unnt væri að sækja um að fullnusta dóm með samfélagsþjónustu, þegar um fangelsisrefsingu var að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi, var að þá mætti samanlögð refsing ekki vera lengri en níu mánuðir. Þarna var um að ræða rýmkun á samanlagðri refsingu sem var, samkvæmt áður gildandi lögum, sex mánuðir.⁹³

Í 33. og 34. gr. voru ítarleg ákvæði um heimsóknir til fanga. Gert var ráð fyrir að fangi ætti rétt á að fá heimsókn í fangelsið ekki sjaldnar en einu sinni í viku og forstöðumaður skyldi rökstyðja skriflega ákvörðun um að banna tilteknum mönnum að heimsækja fanga. Fjallað var sérstaklega um heimsóknir barna í fangelsið og í 34. gr. sagði:

⁹⁰ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹¹ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹² Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹³ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

„Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.“⁹⁴

Í 38. gr. var kveðið á um að fangi ætti að hafa aðgang að fjölmiðlum til þess að geta fylgst með gangi þjóðmála í gegn um sjónvarp, útvarp eða með lestri dagblaða. Tilgangurinn var sá að fangar einangruðust ekki í fangavistinni og ættu auðveldara með að aðlagast samfélaginu þegar afplánun var lokið.⁹⁵

Rýmkun á útivistartíma var að finna í 39. gr. Í áður gildandi lögum var miðað við að minnsta kosti eina klukkustund á dag til útvistar, en í ákvæði þessu var miðað við a.m.k. eina og hálfu klukkustund til útiveru, tómsundaiðkana, líkamsræktar og íþróttar.⁹⁶

Ákvæði 40. gr. var nýmæli og fjallaði um rétt erlendra fanga sem afplánuðu dóma hér á landi. Þar var kveðið á um að erlendir fangar ættu rétt á að hafa samband við sendiráð eða næsta ræðismann lands síns hérlendis, eða þess lands sem gætti hagsmuna þess, og aðstoð fangelsis við fanga sem voru ríkisfangslausir eða fanga sem voru flóttamenn, við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana. Ástæðan fyrir þessu ákvæði var sú að erlendum föngum hafði fjölgað hér á landi árin á undan og eðlilegt þótti að huga að rétti þeirra sérstaklega. Fyrirmynd af þessu ákvæði var sótt í evrópsku fangelsisreglurnar og til danskra fullnustulaga.⁹⁷

Samkvæmt 41. gr. áttu fangar þess kost að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags. Tilgangurinn var að fangi gæti iðkað trú sína með eðlilegum hætti og fengið sálhjálp.⁹⁸

⁹⁴ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹⁵ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹⁶ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹⁷ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

⁹⁸ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

IV. kafli laganna fjallaði um leyfi úr fangelsi. Í 44. gr. var fjallað um dagsleyfi sem forstöðumaður gat veitt fanga sem afplánaði refsingu. Fangi gat þá dvalist utan fangelsis til að vera með fjölskyldu sinni eða vinum, ef það taldist heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til þess að búa fanga undir að ljúka afplánun. Leyfið skyldi vera 14 klukkustundir að hámarki. Leyfið var veitt með samþykki Fangelsismálastofnunar. Ákvæði 46. gr. fjallaði um skammtímaleyfi sem fangi gat fengið, til að mynda í þeim tilgangi að heimsækja alvarlega sjúkan ættingja eða vin eða til að vera viðstaddur jarðarför eða fæðingu. Í 47. gr. var fjallað um nám, vinnu eða starfsþjálfun utan fangelsis. Fangelsismálastofnun gat veitt fanga leyfi til að dveljast utan fangelsis til að stunda nám, vinnu eða starfsþjálfun ef það taldist gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að undirbúa fanga undir að afplánun lyki.⁹⁹

V. kafli laganna fjallaði um leit, líkamsleit og líkamsrannsókn. Ákvæði 3. mgr. 52. gr. var nýmæli, sem kvað á um að fangi skyldi að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa. Þar áður fengu fangar ekki að vera viðstaddir þegar leit var gerð í klefum þeirra.

Í 57. gr. var fjallað um agaviðurlög, sem voru eftirfarandi:

1. *Skrifleg áminning*
2. *Svipting helmings þóknunar fyrir ástundun vinnu og náms og dagpeninga um ákveðinn tíma.*
3. *Svipting aukabúnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir og takmörkun heimsókna, símtala og bréfaskipta.*
4. *Einangrun í allt að 30 daga.*

Tekið var fram að aðeins væri heimilt að beita einangrun sem agaviðurlögum vegna eftirfarandi brota eða tilrauna til brota:

1. *Stroks*
2. *Smygls í fangelsi, vörslu eða neyslu áfengis, ólöglegra lyfja eða fíkniefna og vörslu vopna eða annarra skaðlegra hluta.*
3. *Ofbeldis eða hótunar um ofbeldi gagnvart öðrum föngum eða starfsmönnum fangelsis.*
4. *Grófra skemmdarverka.*
5. *Annarra grófra eða endurtekinna minni háttar brota.*

⁹⁹ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

Lagt var til að kveðið yrði skýrt á um að aðeins mætti beita einangrun við tiltekin meiri háttar agabrot, og ef brot töldust smávægileg, og fangi hafði ekki framið agabrot áður, mátti aðeins beita skriflegri áminningu. Þá var meginreglunnar um andmælarétt stjórnarsýslunnar gætt og fanga gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við rannsókn málsatvika.¹⁰⁰

8.5 Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016

Nefnd sem skipuð var þann 30. júní 2010, af þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra var ætlað að endurskoða ákvæði laga um fullnustu refsinga í heild sinni. Nefndinni var meðal annars ætlað að kanna hvort ástæða væri til að rýmka og fjölga vistunarræðum utan fangelsa. Einnig var henni ætlað að skoða áherslur er lúta að meðferðarræðum og heilbrigðisþjónustu og fleiri atriðum sem nefndin teldi ástæðu til að bæta og breyta. Nefndinni var falið að ráðgast við þá aðila sem störfuðu að málum er snéru að fullnustu refsinga og fangelsismálum. Að mati nefndarinnar var það talið betra að semja frumvarp til nýrra fullnustulaga í stað breytingarlagafrumvarps.¹⁰¹

Í 1. mgr. 1. gr. er kveðið á um markmið laganna. Talað er um nauðsyn þess að skýrt sé kveðið á um stefnu í málefnum varðandi fullnustu refsinga. Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að markmið laganna sé að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að jákvæðri aðlögun dómþola að samfélaginu. Í greinargerð segir að til að mynda sé hægt að draga úr ítrekun brota með því að efla dómþola á hinum ýmsu sviðum, gefa þeim kost á að stunda nám, hvetja þá til vímuefnalauss líferniss og fleira. Þetta er talið auka líkurnar á að dómþolar hverfi af afbrotabrautinni.¹⁰²

Í 2. gr. eru skilgreind ýmis hugtök, og er það gert til þess að löggjöfin sé skýr og nái markmiðum sínum. Skýr löggjöf eykur líkur á að einstaklingar geti verið öruggir um

¹⁰⁰ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

¹⁰¹ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/131/s/0379.html>. Sótt 21. mars 2017

¹⁰² Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, Þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 21. mars 2017

rétt sinn.¹⁰³ Í ákvæðinu kemur til að mynda í fyrsta skipti fram skilgreining á hugtakinu „betrun“ í lögum um fullnustu refsinga. (Sjá skilgreiningu á bls.12).

Með 11. gr. er kveðið á um sérstök skilyrði fyrir valdbeitingu starfsmanna í fangelsum og er í ákvæðinu um tæmandi talningu að ræða. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að nauðsynlegt þyki að heimild sé til þess í lögum að starfsmenn Fangelsismálastofnunar geti beitt valdi og varnartækjum, því stundum geta komið upp aðstæður þar sem grípa þarf til varnar. Gildir meginreglan um meðalhóf um valdbeitingu þessa, þ.e. að ekki verði beitt harkalegra úrræði en nauðsynlegt er, til að ná því markmiði sem að er stefnt hverju sinni. Einnig er sú breyting gerð með ákvæðinu, að starfsmenn barnaverndaryfirvalda eða heimilis á þeirra vegum hafi valdbeitingarheimildir þegar barn er að fullnusta óskilorðsbundinn fangelsisdóm á þeirra vegum. Þá ber að virða meðalhófsreglu stjórnisyluréttarins og valdbeitingin takmörkuð við ákveðin tilvik.

Ákvæði 22. gr. svarar til 15. gr. áður gildandi laga, en er nokkuð breytt. Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að Fangelsismálastofnun geti heimilað að vista fanga tímabundið eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun og sett skilyrði fyrir þeirri dvöl, til dæmis hvað varðar gæslu viðkomandi aðila. Samkvæmt 2. mgr. telst fangi, sem lagður er inn á heilbrigðisstofnun, taka út refsingu meðan hann dvelst þar. Kemur fram í greinargerð að rétt þyki að fangi sem vistist á heilbrigðisstofnun taki út refsingu þar óháð því hvernig sú vistun kom til. Þá er bent á að einstaklingur sem skaðar sjálfan sig er oft á tíðum að kalla á hjálp og því nauðsynlegt að honum sé ekki hegnt fyrir það. Með ákvæðinu er verið að setja sterkari stoð undir þá heimild að afplánun fanga geti, í vissum tilvikum, farið fram á meðferðarheimilum.¹⁰⁴

Ákvæði 24. gr. samsvarar að nokkru 2. mgr. 17. gr. áður gildandi laga (sjá umfjöllun um 2. mgr. 17. gr. laga nr. 49/2005 hér að ofan). Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að Fangelsismálastofnun hafi ekki haft burði til að gera meðferðaráælan fyrir alla fanga, þar sem verkefnið var ekki kostnaðarmetið á sínum tíma og

¹⁰³ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 21. mars 2017

¹⁰⁴ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 21. mars 2017

aukafjármagn var ekki veitt þegar það kom inn í áður gildandi rétt árið 2005. Í greinargerð segir: „Ljóst þykir að miðað við niðurskurð fyrri ára, auk þess sem frekari niðurskurðar er að vænta, hefur Fangelsismálastofnun ekki tök á að gera meðferðaráætlun fyrir alla fanga með tilliti til forgangsröðunar.“ Þá segir enn fremur: „Það að ekki sé gerð meðferðaráætlun fyrir fanga þýðir ekki að fangi sé útilokaður frá því að fá aðstoð t.d. sálfræðinga og félagsfræðinga.“¹⁰⁵

Minni hluti allsherjar- og menntamálanefndar gerði alvarlega athugasemd við þetta ákvæði 24. gr., þar sem gerð meðferðaráætlunar er einungis skylda sé hún talin nauðsynleg að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Í greinargerð er breytingin skýrð með vísan til fjárskorts. Þá segir í nefndarátliti minnihlutans „Hér er verið að breyta sjálfri betrunarstefnunni til samræmis við fjársvælti fangelsiskerfisins“.¹⁰⁶

Ákvæði 26. gr. fjallar um nám og starfsþjálfun í fangelsi og er samsvarandi 19. gr. áður gildandi laga. Þær breytingar voru hins vegar gerðar að bætt var við ákvæðið að forstöðumaður fangelsis geti, að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun, ákveðið að nám fanga fari að hluta til fram utan fangelsis undir eftirliti fangavarda eða annarra aðila sem forstöðumaður ákveður.¹⁰⁷

Í 32. gr. er fjallað um rafrænt eftirlit. Þar er kveðið á um að þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri, getur Fangelsismálastofnun heimilað fanga að ljúka afplánun sinni utan fangelsis, enda hafi hann á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Greinin kom ný inn í áður gildandi lög um fangelsi og fangavist árið 2011. Reynslan sýndi að úrræðið hafði gefist vel og verið jákvætt og því þótti tímabært að rýmka það. Úrræðinu er ætlað að vera liður í aðlögun fanga að samfélaginu á ný eftir dvöl í fangelsi. Ákvæði 2. mgr. 32. gr. var rýmkað, á þá leið að afplánun undir rafrænu eftirliti lengdist um 5 daga (var áður 2,5 dagar) fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 360 dagar hið mesta í stað 240 daga áður.

¹⁰⁵ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 21. mars 2017

¹⁰⁶ Alþt. 2015-2016, 145. lögþ. B.: Sótt 25. mars 2017 af: <http://www.althingi.is/alttext/raeda/145/rad20160301T153106.html> 145

¹⁰⁷ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 21. mars. 2017

Sú breyting var gerð með ákvæði 37. gr. að hámarksrefsing sú sem heimilt er að fullnusta með samfélagsþjónustu hækkaði úr níu mánaða óskilorðsbundnu fangelsi í 12 mánuði. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hluti af samfélagsþjónustunni geti falist í viðtalsmeðferð samhliða samfélagsþjónustu. Við það er bætt ákvæði um að hluti samfélagsþjónustunnar geti einnig falist í viðurkenndu námskeiði. Í ákveðnum tilvikum geta námskeið jafngilt viðtalsmeðferð og þannig þjónað sama tilgangi og hér er leitast eftir.¹⁰⁸


Um nýmæli er að ræða í ákvæði 53. gr. þar sem kemur fram að fangi eigi rétt á aðgangi að bókasafni og er ákvæðið í samræmi við 5. mgr. 28. gr. evrópsku fangelsisreglnanna.

Í 56. gr. er það nýmæli að forstöðumaður opins fangelsis getur heimilað fanga að hafa nettengda tölvu og farsíma í klefa sínum á nánar tilgreindum tímum, og að forstöðumaður lokaðs fangelsis getur heimilað fanga, í samráði við Fangelsismálastofnun, að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými fangelsis.

Ákvæði 59. gr. um reglubundin dags- og fjölskylduleyfi svarar til 44. gr. áður gildandi laga, en ekki er lengur skilyrði að viðkomandi ætli að heimsækja vini eða fjölskyldu. Kemur fram í greinargerð að sumir fangar eigi hvorki fjölskyldu né vini, en geti samt sem áður haft gott af því að fá dagsleyfi. Í 3. mgr. er það nýmæli að heimilt er að veita fanga fjölskylduleyfi í allt að 48 klukkustundir, að því tilskildu að honum hafi verið veitt dagsleyfi í tvö ár samfelld, og staðist skilyrði þeirra, og ef það gæti talist gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu hans eða til að búa hann undir að ljúka afplánun. Ákvæðið var m.a. lagt til samkvæmt tillögu frá Afstöðu, félags fanga. Í frumvarpinu kemur fram að slík heimild geti verið hvatning fyrir fanga til bættrar hegðunar í fangelsi, enda sé hegðunin sem fangar sýna í fangelsi sá þáttur sem litið er til við ákvörðun um fjölskylduleyfi. Einnig geti slík heimild hjálpað viðkomandi fanga að aðlagast samfélaginu á ný.¹⁰⁹

¹⁰⁸ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 23. mars 2017

¹⁰⁹ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 23. mars 2017



Í 1. mgr. 62. gr. frumvarpsins er verkmenntun bætt inn í ákvæðið til viðbótar við nám og starfsþjálfun. Um ákvæði 62. – 64. gr. sem fjalla um nám, starfsþjálfun og vinnu utan fangelsis, segir að almennt séu ákvæðin til þess fallin að stuðla að betrun fanga og eftir atvikum að brjóta upp langa afplánun.

Ákvæði 80. gr. um skilyrði reynslulausnar svarar nánast til 63. gr. áður gildandi laga. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, 4. mgr., þar sem Fangelsismálastofnun er veitt heimild til að veita fanga, sem brotið hefur af sér á aldursbilinu 15–21 árs, reynslulausn þegar hann hefur afplánað einn þriðja refsitímans. Ákvæðið á sér fyrirmynd í Finnlandi. Þar er miðað við að einstaklingar undir 21 árs aldri fái reynslulausn þegar einn þriðji refsitímans hefur verið afplánaður. Þá er í Finnlandi einnig heimilt að veita reynslulausn, þegar helmingur refsitímans hefur verið afplánaður, og um fyrsta brot er að ræða. Í ákvæði 80. gr. er miðað við sama aldur og í Finnlandi. Strangar kröfur eru gerðar til hegðunar og að fangi hafi tekist á við fíknivanda, eftir því sem við á. Úrræði sem þetta, gæti leitt til þess að ungir fangar myndu í auknum mæli sýna betri og bættari hegðun til að losna úr fangelsi sem fyrst og taka aukinn þátt í meðferðarstarfi sem í boði er. Þá gæti þetta leitt til þess að endurkomutíðni í fangelsi lækkaði.¹¹⁰

¹¹⁰ Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/145/s/0399.html>. Sótt 2. mars 2017

9. Betrunarstefna í Noregi

Þegar fjallað er um hvernig mætti gera betur í fangelsum hér á landi, kemur Noregur oftast en ekki til tals, þar sem þeir hafa tileinkað sér að byggja refsikerfið eftir betrunarstefnunni í nokkur ár. Því er forvitnilegt að vita hvernig betrunarstefnan hefur gefist þar í landi og í því skyni verður stuttlega fjallað um betrunarstefnuna í Noregi í þessum síðasta kafla ritgerðarinnar.

Í janúar 2016 var haldinn málfundur í Norræna húsinu sem bar yfirskriftina „*Fangelsisvist: Betrun eða niðurrif?*“ Frummælandi var Knut Storberget, þingmaður og fyrrverandi dómsmálaráðherra Noregs. Í erindi sínu fjallaði hann um gagngera endurskoðun á stefnumótun í norska fangelsiskerfinu í ráðherratið sinni á árunum 2007-2008. Endurskipulagningin fólst í innleiðingu á betrunarstefnu í fangelsiskerfi landsins og hefur sú stefna gefist afar vel. Endurkomutíðni í fangelsi í Noregi er mjög lág. Hugmyndafræði norsku betrunarstefnunnar miðar að því að einstaklingar sem vistast hafa í fangelsi komi bættari út í þjóðfélagið að afplánun lokinni. Þeir þættir sem tryggja að svo megi verða eru að bjóða föngum meðal annars upp á menntun, starfsþjálfun og meðferðir vegna vímuefnaneyslu. Einnig er lögð áhersla á að aðstoða einstaklinga við leit að vinnu og koma upp traustu stuðningsneti fyrir þá, en það er mikilvægur þáttur í að létta einstaklingum, sem setið hafa inni, endurkomu út í samfélagið á ný. Mikilvægt er að einstaklingar hafi öruggt húsaskjól þegar þeir losna úr afplánun og þar spila frjáls félagasamtök og sveitarfélögin stóran þátt með aðkomu sinni að ferlinu.¹¹¹

Norðmenn leggja mikla áherslu á opin fangelsi, en hlutfall þeirra sem afplána í opnu fangelsi er mun hærra í Noregi en hér á landi. Fangelsisyfirvöld í Noregi leggja áherslu á að einstaklingar afpláni ekki dóma með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegur er til að tryggja öryggi. Þess vegna eru dómþolar vistaðir í aðstæðum sem eru sem líkastir því samfélagi sem þeir eru skildir frá. Þessi háttur á afplánun fangelsisrefsinga hefur skilað lægstu endurkomutíðni í fangelsi á Norðurlöndunum.¹¹²

¹¹¹ Justis- og politidepartementet (2008). *Straff som virker* [Bæklingur]. Justis- og politidepartementet. Sótt 28. mars af:

[file:///C:/Users/olgaarna/Downloads/populaer%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/olgaarna/Downloads/populaer%20(1).pdf)

¹¹² Opin fangelsi hagkvæm (2014). Sótt 31.mars 2017 af: <http://www.afstada.is/blogg/opin-fangelsi-hagkvaem>

Halden fangelsið í Noregi er stærsta fangelsið þar í landi og hefur rými fyrir 252 fanga. Fangelsið flokkast sem öryggisfangelsi og var tekið til notkunar árið 2010. Halden fangelsið er talsvert frábrugðið öðrum fangelsum, þar sem meðal annars má finna hljóðver, hlaupabraut, tilraunaeldhús, þar sem haldin eru matreiðslunámskeið fyrir fangana og tveggja herbergja íbúð þar sem fjölskyldur fanga geta gista komi þær í heimsókn.¹¹³

Bandaríska tímaritið *Times* fjallaði um fangelsið í grein á vefsíðu sinni, og er þar haft eftir fangelsismálastjóranum, Ara Hoidal, að áhersla sé lögð á mannréttindi og virðingu í norska fangelsiskerfinu. Þar segir m.a.: „*Markmið okkar er að byggja fangana upp, og efla sjálfstraust þeirra með menntun og vinnu. Þannig yfirgefa þeir fangelsið sem betri einstaklingar.*“ Þá var einnig leitast við að tryggja að stofnunin hefði ekki fjandsamlegt útlit. Til dæmis líkjast klefar fanganna meira herbergjum á stúdentagörðum en fangaklefum og eldhús og setustofa er á hverja tíu til tólf klefa. Eftir því sem segir í grein *Times* er ekki annað að sjá en að norska fyrirmyndin virki: „*Áður en tvö ár eru liðin frá afplánun eru 20% noskra fanga dæmdir til fangelsisvistar á ný. Ef litið er til Bretlands og Bandaríkjanna hækkar prósentuhlutfallið hins vegar upp í 50 og 60%.*“¹¹⁴

Gerð var samnorræn rannsókn árið 2010 á endurkomutíðni fanga sem setið hafa í fangelsum á Norðurlöndum. Rannsakað var hversu margir sem luku afplánun árið 2005, brutu af sér aftur innan tveggja ára. Samkvæmt rannsókninni er endurkomutíðni minnst í Noregi eða um 20%, en hér á landi er hún 24%. Ísland er með bestu útkomuna hvað varðar endurkomu í samfélagsþjónustu, eða 16% á móti 20% í hinum löndunum. Endurkomuhlutfall einstaklinga sem fengið hafa óskilorðsbundna dóma er næst lægst á Íslandi, eða 27% miðað við tvö ár frá lokum afplánunar. Hæst er endurkomuhlutfallið í Svíþjóð þar sem það er 43%.¹¹⁵

¹¹³ Adams, W.L. (2010, 10. maí) Norway builds the world's most humane prison. *Times*. Sótt af: <http://content.time.com/time/magazine/article/0,9171,1986002,00.html>

¹¹⁴ Adams, W.L. (2010, 10. maí) Norway builds the world's most humane prison. *Times*. Sótt af: <http://content.time.com/time/magazine/article/0,9171,1986002,00.html>

¹¹⁵ Graunbøl, H. M. (2010). Retur. [Rannsókn] Sótt 1. apríl 2017 af: http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/RETUR_En_nordisk_undersogelse_af_recidiv.pdf

10. Samantekt

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á þróun fullnustu refsinga til betrunar fanga. Allt fram yfir 17. öld var ekki gert ráð fyrir hinum eiginlegu fangelsisrefsingum. Þess í stað voru makleg málagjöld endurgjaldskeningarinnar ríkjandi og sakamönnum refsað líkamlega með húðstrýkingum eða teknir af lífi. Í Jónsbók má finna ákvæði þar sem mælt er fyrir um auga fyrir auga, tönn fyrir tönn. Það sama má segja um Stóradóm, sem kveður á um hálshöggningar og drekkingar í refsingarskyni fyrir lauslæti. Á Íslandi voru ekki til fangelsi, en fangar þess í stað sendir til Kaupmannahafnar. Sýslumönnum fannst of dýrt að senda þá þangað og fóru fram á það við dönsku stjórnina að margdæmdir þjófar yrðu teknir af lífi til að spara sér kostnaðinn. Það var þó ekki samþykkt þar sem áhrifa upplýsingar (e. enlightenment) var farið að gæta í Danmörku. Á 18. öld tóku fangelsisrefsingar við af líkamlegum refsingum og betrunarhúsið á Arnarhóli tók við dæmdum sakamönnum. Stjórnandi stofnunarinnar, Ólafur Stefánsson, var langt á undan sinni samtíð hvað varðar stjórnarhætti hans í betrunarhúsinu, þar sem hann lagði áherslu á að betra menn en ekki eingöngu að refsa. Erfiðlega gekk að reka betrunarhúsið sökum fjárskorts og því var það aflagt árið 1813 og hýðingar teknar upp á ný. Það var svo ekki fyrr en 1871 sem Hegningarhúsið við Skólavörðustíg var byggt og fangelsisrefsingar því teknar upp aftur og hýðingar aflagðar. Í dag eru fangelsin fimm talsins. Þrjú lokuð fangelsi, Fangelsið á Litla-Hrauni, Fangelsið á Akureyri og Fangelsið á Hólmsheiði, og tvö opin fangelsi, Fangelsið á Kvíabryggju og Fangelsið á Sogni.

Í lokuðu fangelsunum er skilyrði að fangar stundi vinnu og/eða nám. Þeir hafa einnig aðstöðu til tómsundaiðkana. Í opnum fangelsum njóta fangar ákveðins frelsis umfram þá sem vistast í lokuðum fangelsum. Fangarnir taka jafnframt á sig ábyrgð í samræmi við það og eru þeir í mun nánari tengslum við samfélagið og því auðveldara að vinna að endurhæfingu þeirra. Fangelsismálastofnun getur gefið leyfi fyrir því að fangi fái að afplána hluta refsitímans utan fangelsis, enda stundi hann vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu að nýju, og búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti, sbr. 31. gr. fullnustulaga. Þau úrræði sem standa til boða eru:

Áfangaheimilið Vernd, þar sem fangar búa og fara eftir þeim reglum sem settar eru ásamt því að fylgja vissum útvistarreglum.

Rafrænt eftirlit, þar sem fangi fylgir þeim reglum sem úlistaðar eru hér að framan. Fangi þarf að hafa á sér ökklaband þannig að hægt sé að fylgjast með ferðum hans. Hann þarf einnig að fylgja ákveðnum útivistarreglum, þó svo hann fái að búa á sínu eigin heimili.

Samfélagsþjónusta, þar sem heimilt er að fullnusta allt að 12 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu.

Þegar lög um ríkisfangelsi og vinnuhæli nr. **18/1961** voru sett, stóð vilji löggjafans til þess að hér yrði reist ríkisfangelsi, vinnuhæli, héraðsfangelsi og unglingafangelsi. Í nefndarálitum minnihluta allsherjarnefndar um málið var lögð meiri áhersla á að huga að því að lækna þær meinsemdir sem orsökuðu misgerðir og afbrot einstaklinga heldur en að einblína á húsakost þeirra. Minnihlutanum þótti ekki raunhæft að stefna að byggingu margra tegunda af fangelsum, þar sem allt of litlu fjármagni átti að veita í verkefnið. Meirihluti allsherjarnefndar tók hins vegar ekki tillit til athugasemda minnihlutans og samþykkti frumvarpið óbreytt.

Með frumvarpi því er varð að lögum nr. **38/1973** var lögð áhersla á að fangavist fylgdi vinnuskylda, en jafnframt var kveðið á um að skylt væri að sjá til þess að nægjanlegt húsrými væri til að framkvæma þá skyldu. Einnig var stefnt að því að hækka laun fanga fyrir vinnu þeirra. Þá var ákvæði sem kvað á um að starfrækja skyldi sérstaka stofnun til að annast eftirlit með þeim, sem frestað var ákæru gegn, eða leystir voru úr fangelsi með skilyrðum.

Þegar lög nr. **48/1988** voru sett hafði ríkisfangelsi ekki enn verið byggt og engin áform um að byggja það. Unglingavinnuhæli hafði heldur ekki verið sett á laggirnar. Með lögum þessum var fellt út ákvæði um að forstöðumaður fangelsis skyldi hafa sérstaklega kynnt sér fangelsismál. Heimild til að veita fanga leyfi til skammrar dvalar utan fangelsis var sett í ákvæði í lögnum. Einnig var nýjum kafla um samfélagsþjónustu bætt við lögin.

Við samningu frumvarpsins sem varð að lögum nr. **49/2005** um fullnustu refsinga var höfð hliðsjón af ákvæðum danskra og norskra laga um fullnustu refsinga. Í því frumvarpi var nokkrum ákvæðum bætt við lögin sem talin voru mikil réttarbót fyrir fanga. Ber þar hæst ákvæði 2. mgr. 17. gr. þar sem sagði að Fangelsismálastofnun skyldi í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skyldi endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stæði. Markmiðið með því var að bæta heilsu fangans og gera honum kleift að aðlagast sem best þegar hann snéri út í samfélagið á ný.

Í nágildandi lögum nr. **15/2016** um fullnustu refsinga kemur fram í 24. gr. (sbr. 2. mgr. 17. gr. áður gildandi laga) að Fangelsismálastofnun hafi ekki haft burði til að gera meðferðaráætlun fyrir alla fanga, þar sem verkefnið var ekki kostnaðarmetið á sínum tíma og aukafjármagn var ekki veitt þegar það kom inn í áður gildandi rétt árið 2005. Þótti ljóst miðað við niðurskurð fyrri ára, auk þess sem frekari niðurskurðar væri að vænta, að Fangelsismálastofnun hefði ekki tók á að gera meðferðaráætlun fyrir alla fanga með tilliti til forgangsröðunar.

Ákvæði 32. gr. fjallar um rafrænt eftirlit. Þar er kveðið á um að fangi geti fengið heimild til að ljúka afplánun utan fangelsis, enda hafi hann á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Hámarksrefsing sú sem heimilt var að fullnusta með samfélagsþjónustu hækkaði úr níu mánaða óskilorðsbundnu fangelsi í 12 mánuði.

Norðmenn hafa haft betrunarstefnuna lengur að leiðarljósi en við Íslendingar, en gagnger endurskoðun var gerð á norskum fullnustulögum árin 2007-2008 og betrunarstefnan þá innleidd. Endurkomutíðni í Noregi er mjög lág, enda er áhersla lögð á að aðstoða einstaklinga við leit að vinnu, auk þess sem frjáls félagasamtök og sveitarfélög hafa aðkomu að því að veita föngum öruggt húsaskjól eftir að þeir losna úr afplánun. Hlutfall þeirra sem afplána í opnu fangelsi er mun hærra í Noregi en hér á landi. Fangelsisyfirvöld í Noregi leggja áherslu á að einstaklingar afpláni ekki dóma með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegur er til að tryggja öryggi. Halden fangelsið í Noregi er stærsta fangelsi landsins, og er þar mikið lagt upp úr góðri aðstöðu fyrir fangana til margskonar tómstunda, náms, starfsnáms og fleira.

Gerð var samnorræn rannsókn á endurkomutíðni fanga á Norðurlöndum. Samkvæmt rannsókninni er endurkomutíðni minnst í Noregi, eða 20%, en 24% endurkomutíðni á Íslandi. Ísland er með bestu útkomuna hvað varðar endurkomu í samfélagsþjónustu, eða 16%.

11. Lokaorð

Þegar litið er yfir þróunina, sem fjallað hefur verið um í þessari ritgerð, má sjá að oftar en ekki hefur fjárskortur og/eða varsla eigin hagsmuna, haft áhrif á hverskonar refsingum er beitt. Til að mynda var lagafrumvarp sýslumanna, sem lagt var fram um miðja 18. öld, um að taka af lífi fanga sem senda átti til Danmerkur, einungis í þágu eigin hagsmuna sýslumannanna, og aðeins horft í kostnaðinn af því að þurfa að halda föngunum uppi og senda þá svo úr landi með skipi.

Þegar betrunarhúsið á Arnarhóli var sett á stofn voru stjórnarhættir þar mun mannúðlegri en þekktist víða annarsstaðar og var það vegna hugsjóna eins manns, Ólafs Stefánssonar Stephensen. Ólafur var langt á undan sinni samtíð hvað varðar stjórnarhætti hans, þar sem hann vann bersýnilega samkvæmt betrunarstefnunni, meðvitað eða ómeðvitað. Hann taldi að til mikils mætti vinna með þeirri aðferð sem hann notaði, og sá um leið að samfélagið gæti sparað, með því að fangar kæmu sem betri þegnar út í samfélagið eftir afplánun. En aftur, sökum fjárskorts við að reka stofnunina, var hún lögð niður og hýðingar þess í stað teknar upp að nýju. Það er því ljóst að fjárskortur hefur endurtekið leitt til þess að gripið er til ómannúðlegri refsinga sem komast hefði mátt hjá.

Áherslan á að fangar stundi vinnu eða nám er rauður þráður í refsikerfi okkar samfélags í gegn um aldirnar, og er það sannarlega jákvætt að mati höfundar. Refsikerfi nútímans er tvímælalaust að þokast meir og meir í átt til betrunar og fleiri opin úrræði hafa komið til sögunnar. Í greinargerðum þeim sem fylgdu löggunum sem höfundur tók til skoðunar, var yfirleitt augljóst að vilji löggjafans var að beina fangelsismálum í átt til betrunar. Ýmis ákvæði hafa þannig verið rýmkuð á þann veg sem telst til bóta fyrir fanga.


En hvers vegna viljum við refsa og hverju viljum við ná fram með því að refsa þeim sem brotið hafa lög? Eins og sagan segir okkur hefur refsingarhugtakið einkum verið ætlað að vera öðrum, og ekki síst brotamanni sjálfum til varnaðar. Þá átti refsing einnig að vera hefnd samfélagsins í garð þess brotlega. Vissulega gætir þeirra viðhorfa enn í dag, en mikil vitundarvakning er að verða meðal alls almennings um málefni fanga og mikilvægi þess að hjálpa þeim að betrumbæta sjálfa sig og gera þá í

stakk búna til að takast á við lífið án afbrota. Ljóst er að fangar koma aftur út í samfélagið og væntanlega er það öllum fyrir bestu að þeir komi þangað með sem bestu hugarfari og falli ekki í sama farið aftur. Því er markmiðið að nýta þann tíma sem fangi er frelsissviptur til að hjálpa honum að koma undir sig fótunum og stuðla að því að fækka endurkomum þeirra í fangelsi.

Það er takmarkið sem við viljum ná fram, en í reynd er það varla raunin. Mjög mörg ákvæði laganna hafa ekki komist í framkvæmd og oftast er það vegna þess að ekki er til fjármagn til að framfylgja þeim. Glöggt dæmi um það er hversu langan tíma það hefur tekið að reisa nýtt fangelsi, þótt áætlanir þar um hafi verið í lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli síðan árið 1961. Að ógleymsdu ákvæði áður gildandi laga um meðferðar- og vistunaráætlun fyrir fanga, sem ekki verður að veruleika að fullu samkvæmt nýju fullnustulögunum. Höfundur telur að nær hefði verið að veita aukið fjármagn til fangelsismála svo unnt hefði verið að kveða skilyrðislaust á um að gera bæri meðferðar- og vistunaráætlun fyrir fanga, jafn mikilvægt atriði sem það sannarlega er fyrir endurhæfingu fanga. Það sannast því enn og aftur að fjársvelti til fangelsismála bitnar verulega á því að hægt sé að sinna föngum samkvæmt betrunarstefnunni. Að mati höfundar er nauðsynlegt að hafa skýra framtíðarsýn í fangelsismálum og eins og Ólafur Stefánsson komst að forðum daga, þá felur það í sér sparnað fyrir þjóðfélagið að menn komi bættari út í samfélagið að lokinni afplánun.

Nauðsynlegt er að mati höfundar að stjórnvöld auki til muna fjármagn í fangelsiskerfinu. Þá er ekki nægilegt að endurhæfa menn á meðan á afplánun stendur, heldur er ekki síst mikilvægt að standa við bakið á þeim eftir að afplánun er lokið og þeir hverfa aftur út í samfélagið. Þar mættum við taka frændur okkar Norðmenn til fyrirmyndar, þar sem til að mynda sveitarfélög og frjáls félagasamtök koma að því að tryggja einstaklingum öruggt húsaskjól eftir að þeir losna úr afplánun.

Fangelsisýfirvöld í Noregi leggja mikla áherslu á að einstaklingar afpláni ekki dóma með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegur er til að tryggja öryggi. Þeir leggja því mikla áherslu á opin fangelsi. Eins og samnorræn rannsókn sýndi hefur Ísland bestu útkomuna hvað varðar endurkomutíðni í samfélagsþjónustu, eða 16%. Það er vissulega vísending um að óhætt sé að taka fordæmi Norðmanna og nýta betur opin úrræði til afplánunar.



Eins og þegar hefur komið fram, þá er það álit höfundar að stjórnvöld verði að veita mun meira fjármagn í þennan málaflokk. Sagan sýnir, að þótt ákvæðum laga sé ætlað að vera réttarbót fyrir fanga, þá hefur of lítið fjármagn leitt til þess að ákvæði laganna komast illa eða aldrei í framkvæmd.

Spörum ekki aurinn og köstum krónunní.

Heimildaskrá

- Adams, W. L. (2010, 10. maí). Norway builds the world's most humane prison. *The New York Times*. Sótt 30. apríl af <http://content.time.com/time/magazine/article/0,9171,1986002,00.html>
- Afstaða – Félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. (2014, desember). *Opin fangelsi hagkvæm*. Sótt 31. mars 2017 af <http://www.afstada.is/blogg/opin-fangelsi-hagkvaem>
- Alþingistíðindi 2015-2016, 145. löggjafarþing B*. Sótt 25. mars 2017 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20160301T153106.html>
145
- Björn Þórðarson. (1928). *Refsivist á Íslandi 1761-1925*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Afplánun hjá Vernd*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/fullnusta-refsidoma/oskilordsbundid/afplanun-utan-fangelsa/vernd/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsið Akureyri*. Sótt 29. mars 2017 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/fangelsid_Akureyri.pdf
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsið Hólmsheiði*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsi-holmsheidi/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsið Kvíabryggja*. Sótt 29. mars 2017 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/kviabryggja_baeklingur.pdf
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Fangelsið Litla-Hrauni*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/fangelsid-litla-hrauni/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Hegningarhúsið*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/fangelsi-rikisins/hegningarhusid/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Hlutverk Fangelsismálastofnunar*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/fangelsismalastofnun-rikisins/>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Rafrænt eftirlit*. Sótt af <http://www.fangelsi.is/rafraent-eftirlit>
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar*. Sótt 28. mars 2017 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/Reglur-um-Vernd-fra-13.1.2017_Endanlegar.pdf

- Fangelsismálastofnun ríkisins. (e.d.). *Samfélagsþjónusta*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.fangelsi.is/samfelagsthjonusta/i-stad-fangelsisrefsingar/>
- Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist, þskj. 724, 397. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0724.pdf>. Sótt 19.03.2017
- Frumvarp til laga um fangelsi og vinnuhæli, þskj. 130, 104. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/93/s/pdf/0130.pdf>. Sótt 19.03.2017
- Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 379, 336. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0379.html>. Sótt 21.03.2017
- Frumvarp til laga um fullnustu refsinga, þskj. 399, 332. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/145/s/0399.html>. Sótt 23.03.2017
- Frumvarp til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0030.pdf>. Sótt 18. mars 2017
- Graunbøl, H. M., Kielstrup, B., Muiluvuori, M. L., Tyni, S., Erlendur S. Baldursson, Hafdís Guðmundsdóttir, Ragnar Kristoffersen, Krantz, L., Lindstén, K. (2010, maí). *Retur: En nordisk undersøgelse af recidiv blandt klienter i kriminalforsorge*. Sótt 30. apríl 2017 af http://www.fangelsi.is/media/stofnunin/RETUR_En_nordisk_undersogelse_af_recidiv.pdf
- Guðmundur Ingi Þóroddson. (2016). Hvað er betrun? *Verndarblaðið*, 44.
- Gunnar karlsson, Brynja Dís Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson. (2004). *Fornir tímar - Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur 4.000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr.* Reykjavík. Mál og menning.
- Hreinn S. Hákonarson. (2010). Konur stofnuðu Vernd [rafræn útgáfa]. *Verndarblaðið*, 41, Afmælisblað.
- Jónatan Þórmundsson. (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Jónatan Þórmundsson. (2005). *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Justis- og politidepartementet. (2008). *Straff som virker* [Bæklingur]. Justis- og politidepartementet. Bls. 45. Sótt 28. mars af [file:///C:/Users/olgaarna/Downloads/populaer%20\(1\).pdf](file:///C:/Users/olgaarna/Downloads/populaer%20(1).pdf)

Kriustrún Kristinsdóttir. (1998). Réttlætning Refsinga. *Tímarit lögfræðinga*, 48(4), 351-367.

Már Jónsson. (2004, 23. ágúst). Hvað er Stóridómur? *Vísindavefurinn*. Sótt 30. mars 2017 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4476>

Nanna Elísa Jakobsdóttir. (2016, 27. maí). Tekist á um tugthúsvist hvítflibaglæpamanna. *Vísir*. Sótt 29. mars 2017 af <http://www.visir.is/frettaskyring--tekist-a-um-tukthusvist-hvitflibaglæpamanna/article/2016160528991>

Nefndarálit um frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þskj. 30, 30. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/81/s/pdf/0338.pdf>. Sótt 18.03.2017

Páll Sigurðsson. (1992). *Svipmyndir úr réttarsögu*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.

Una Sighvatsdóttir. (2016, 10. júní). Manneskjulegra fangelsi á Hólmsheiði. *Vísir*. Sótt 14. mars 2017 af <http://www.visir.is/manneskjulegra-fangelsi-a-holmsheidi/article/2016160619857>

Vernd fangahjálp. (e.d.). *Litla-Hraun*. Sótt 13. mars 2017 af: http://www.vernd.is/index.php?option=com_content&view=article&id=54&Itemid=150

Þórður Eyjólfsson. (1940). Refsiréttur Jónsbókar. Í Guðbrandur Jónsson (ritstjóri), *Afmælisrit helgað Einari Arnórssyni*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.